


**VALBORG GUÐJÓNSDÓTTIR**

*Með svarta beltið eins og eiginmaðurinn og synirnir*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HARA-SYSTUR**

*Hættar í Elektru*

Ætla að róa á önnur mið.

**FÓLK 26**



**STEFÁN EIRÍKSSON**

*Mikill aðdáandi Eurovision*

Minni áhugi á undanförnum árum.

**FÓLK 26**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. maí 2009 — 112. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


# Sjómenn borga fyrir ný störf

**Ferskfiskmarkaðir gætu tapast ef hömlur verða settar á útflutning, að sögn útgerðarmanna. Sjómenn víða um land horfast í augu við mikla launalækkun verði boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar að veruleika.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna skoðar skattlagningu á útflutning á óunnum fiski. Markmiðið er að knýja á um frekari fullvinnslu hérlendis og skapa ný störf. Sjávarútvegsráðherra segir að eftir sé að útfæra hugmyndina. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi vara við leiðinni.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir um fiskveiðar undir fyrirsögninni Brýnar aðgerðir: „Knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis með því meðal annars að skoða hóflegt útflutningsálag á fisk og/eða að óunninn afli verði settur á innlendan markað.“

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra segir það gefa auga leið að skapa þurfi fleiri störf og leita til þess allra leiða. Útfærsla hugmyndarinnar sé hins vegar eftir og ekki verið rætt hversu hár skatturinn gæti orðið. Jón vill ekki meina að boð eða bönn felist í hugmyndinni, og málið sé aðeins til skoðunar. „Þetta er stefnuyfirlýsing en ekki ákvörðun,“ segir Jón.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, segir dæmið einfalt. Sambandið leggist alfarið gegn stýringu af þessu tagi. „Að sjálfsögðu á að hámarka þau verðmæti sem menn hafa á milli handanna hverju sinni.“ Sævar minnir á að takmarkanir á sölu afla á erlendan markað þýði aðeins eitt fyrir fjölda sjómanna: Launaskerðingu, og hana mikla hjá þeim útgerðum sem gera út á útflutning í gámum.

Fyrri ríkisstjórn sömu flokka setti fram aðgerðaáætlun um atvinnusköpun í byrjun mars. Reiknaðist mönnum til að um 300 ársverk hið minnsta gætu skapast í landvinnslu ef fjórðungur þeirra 60 þúsund tonna af fiski sem flutt ur er út óunninn á erlendan markað árlega, væri unninn innanlands.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, efast um að skatturinn komist á. Hann minnir á að ferskfiskmarkaðir Íslendinga í Evrópu séu verðmætir og byggðir upp á löngum tíma.

„Þessir markaðir hafa reynst okkur vel og sérstaklega þegar að okkur kreppir.“ Friðrik segist vantrúaður á að ríkisstjórn þar sem Samfylkingin á hlut að máli setji á útflutningsálag á fisk, þar sem það brjóti gegn EES-samningnum. **- shá**

## ÞRIÐJUDAGUR



**Raunveruleikastjörnur skilja**

Glysfyrirsætan Jordan og Peter Andre fara hvort í sína áttina.

**FÓLK 20**



**Fundur í Leynilundi**

Útvarpsþátturinn Leynifélagið á Rás 1 hlýtur viðurkenningu fyrir framlag til barnamenningar á Íslandi.

**TÍMAMÓT 14**

**Hljóður hugur**

„Hann talaði blaðlaust og varð allt í einu magnað en kyrrlátt máttarvald“, segir Jónína Michelsdóttir.

**UMRÆÐA 12**



**Unnu aftur meistarana**

Keflvíkingar unnu FH í gær og byrja sumarið alveg eins og í fyrra.

**ÍÞRÓTTIR 22**

## VEÐRIÐ Í DAG




**SÓL NORÐAUSTAN TIL** í dag verða SA 10-18 m/s á vesturhelmingi landsins, annars hægari. Léttskýjað norðaustan og austan til í dag annars skýjað með köflum og yfirleitt þurrt. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR 4**



**SKOKKAÐ Á LAUFÁSVEGINUM** Vaskur hópur skokkara lét rigningu og smá rok engin áhrif hafa á sig þótt vísast hafi hlaupararnir óskað eftir ögn betra veðri. Í dag munu þeir allavega vera lausir við rigninguna en enn er gert ráð fyrir töluverðum vindi. Það mun þó lægja á miðvikudaginn og þá verður hitinn kominn í tveggja stafa tölu um mest allt land. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jóhanna Guðrún:

## Spáð öðru sæti

**EUROVISION** Samtök sem kalla sig OGAE og í eru allir Eurovision-aðdáendaklúbbar og þeir blaðamenn sem eru í Moskvu til að fylgjast með Eurovision-keppninni eru bjartsýnir á góðan árangur íslenska lagsins í undanriðlinum. Þeir greiða atkvæði eftir hverja æfingu og sem stendur er lagið Is it True? í öðru sæti. Jóhanna Guðrún stígur á stóra sviðið í Moskvu í kvöld, tólfta í röð keppenda. **- fgg/sjá síðu 26**

Morð í Noregi:

## Þrír létust í skotárás

**NOREGUR Þrír létust í skotárás á Neseyju, rétt utan við Osló í Noregi, í gær. Talið er að karlmaður á sjötugsaldri hafi skotið tvær konur sem hann átti í nánu sambandi við og svipt sig svo lífi, að sögn norska ríkisútvarpsins, NRK. Þremenningarnir bjuggu allir á Neseyju.**

**Konurnar tvær fundust látnar utandyra en maðurinn innandyra í bátshúsi. Lögreglan hefur ekki viljað gefa nánari upplýsingar um atvikið.** **- ghs**

Fyrsti fundur nýrrar ríkisstjórnar verður haldinn á Akureyri í dag:

# Ráðherrar norður í þremur ferðum

**STJÓRNMÁL** Fyrsti ríkisstjórnarfundur nýrrar stjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsalnum í Ráðhúsinu á Akureyri í dag. Ríkisstjórnarfundur hefur ekki áður verið haldinn utan höfuðborgarinnar eða Þingvalla, eftir því sem næst verður komist.

Samkvæmt tilmælum frá almannavarnaráði skulu helst ekki fleiri en fjórir ráðherrar ferðast í sömu flugvél og því verða ráðherrarnir ferjaðir til og frá Akureyri í alls sex ferðum. Þeir munu þó allir ferðast með áætlunarflugi. Nokkrir fóru í gærkvöldi og aðrir fara með tveimur vélum í dag. Auk ráðherranna verður ritari ríkisstjórnarinnar með í för.

Þótt ríkisstjórnarfundir séu ekki daglegt brauð á Akureyri mun lögreglan ekki grípa til sérstakra ráðstafana vegna fundarins, að sögn Daníels Guðjónssonar yfirlögregluþjóns.

Fundurinn hefst á hádegi og munu forsvarsmenn stjórnarinnar svara spurningum blaðamanna síðar um daginn. **- sh**





Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.






## SPURNING DAGSINS



*María Björk, brá þér ekki gasalega?*

„Nei, ég svaf nú bara í gegnum þetta.“

María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Eurovision-hetjunnar Jóhönnu Guðrúnar, svaf á sínu græna eyra þegar gasleiðsla sprakk í nágrenni við Eurovision-svæðið í Moskvu aðfaranótt laugardags. Enginn slasaðist í sprengingunni.

Friðrik Már Jónsson fór á eigin ábyrgð í örlagaríkan teppaleiðangur í Kabúl:

# Ríkið sýknað í Kjúklingastrætismáli

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur sýknað íslenska ríkið af kröfu Friðriks Más Jónssonar flugumferðarstjóra. Hann vildi að viðurkennd yrði bótaábyrgð ríkisins vegna árásar sem Friðrik og fleiri urðu fyrir í Kabúl í Afganistan í október árið 2004.

Friðrik slasaðist lítillega í árásinni í Kjúklingastræti, sem grandaði þremur; árásarmanninum, ellefu ára afganskri stúlku og bandarískri konu. Friðrik hefur hins vegar þjáðst af áfallastreituröskun síðan og verið óvinnufær.

Friðrik var staddur í Kjúklingastræti daginn örlagaríka ásamt yfirmanni sínum og sex starfsmönnum friðargæslunnar og flugvallarins. Ferðin var farin að undirlagi yfirmannsins, Hallgríms Sigurðssonar, sem vildi kaupa sér handunnið afganskt teppi til minningar um dvölina.

Friðrik byggði stefnu sína á því að hvorki hann né samstarfsmenn hans hafi fengið þjálfun eða fræðslu um hermennsku eða viðbrögð við hættuástandi. Hann hafi farið í ferðina yfirmanni sínum til fulltingis og því verið við skyldustörf. Yfirmaðurinn hafi enn fremur vanmetið aðstæður.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að árásin hafi verið alls ófyrirséð og megi ekki rekja til vanmats á aðstæðum. Enn fremur hafi Friðrik farið í ferðina á eigin forsendum og ábyrgð. Dómnum verður líklega áfrýjað. - sh

### ÁRÁSIN Í KABÚL

Ferðin í Kjúklingastræti var farin til þess að flugvallarstjórinn gæti keypt sér teppi. Farin var skoðunarferð í götuna til að meta aðstæður og tryggt að teppin yrðu reiðubúin til skoðunar þegar hópurinn kæmi á staðinn. Stoppið varð þó lengra en við var búist. Klukkustund eftir komuna voru þrjár handsprengjur sprengdar. Þrír létust og nokkrir særðust.

Skilanefnd sendir yfirlýsingu:

# Segjast ekki hafa selt í Byr

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Landsbankans segir að 2,6 prósenta hlutur í Byr sparisjóði hafi ekki verið seldur einkahlutafélagi rétt fyrir aðalfund líkt og fullyrt var í fréttum Stöðvar 2 í gær. Lárus Finnbogason, formaður skilanefndarinnar, er endurskoðandi félagsins.

Enn fremur sagði að stofnfjáreigendur teldu margt benda til þess að salan hafi verið framkvæmd til að Landsbankinn gæti fullnýtt atkvæðisrétt sinn á aðalfundinum – en engum er heimilt að fara með meira en fimm prósent atkvæða. Skilanefndin segist aldrei hafa samþykkt kaupin og þau því aldrei gengið í gegn. - sh



**BENEDIKT PÁFI** Vindurinn greip í taumana og feykti páfahempunni yfir höfuð honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfinn í Jerúsalem:

# Lýsir stuðningi við Palestínu

**JERÚSALEM, AP** Benedikt XVI. páfi lét það verða sitt fyrsta verk við komuna til Jerúsalem í gær að lýsa yfir stuðningi sínum við stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna.

Nýja ríkisstjórnin í Ísrael, sem Benjamin Netanjahu veitir forstöðu, er á öndverðum meiði og segist engan áhuga hafa á stofnun Palestínuríkis. Páfinn hefur verið á ferð um Mið-Austurlönd. Næstu fjóra dagana ætlar hann að ferðast um Ísrael og herteknu svæðin. Tilgangur ferðarinnar er að bæta samskiptin við bæði múslima og gyðinga. - gb

Dregur úr tapi Decode:

# Félagið tapaði 1,6 milljörðum

**VIÐSKIPTI Decode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, tapaði tæplega 1,6 milljörðum króna, eða um 12,6 milljónum Bandaríkjadala, á fyrsta fjórðungi þessa árs. Félagið tapaði 26,7 milljónum dollara á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Það er jafnvirði um 3,4 milljarða króna.**

**Tekjur Decode námu 8,9 milljónum Bandaríkjadala á fyrsta ársfjórðungi þessa árs og er það rúmlega fimm milljónum dollara minna en á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Handbært fé Decode var 12,7 milljónir dala.** - ghs

# Sjómenn vilja laun og drykkjarvatn

**Sæmundur Árelíusson útgerðarmaður á í deilu við sjö sjómenn og skipstjóra þeirra og skuldar þeim laun. Sjómennirnir segjast lifa á matarmiðum frá félagsmálayfirvöldum. Sæmundur sagður hafa ætlað að henda mönnunum út.**

**VINNUMARKAÐUR** „Við erum sjö sem búum hérna í bátnum. Við höfum enga peninga fengið í fimm vikur, og ekki fengið hlut greiddan frá janúar og fram í apríl,“ segir Jan Hurko sjómaður. Þeir hafi til dæmis ekkert fengið í mars, þegar báturinn hafi landað 186 tonnum í Sandgerði.

Jan býr í bátnum Óskar RE-157, sem liggur við bryggju í Keflavíkurhöfn. Hann segir hóp sjö Pólverja hafa starfað þar meira og minna í eitt og hálft ár, og þar áður í eitt og hálft ár til viðbótar á öðru skipi sama útgerðarmanns.

Nú sé ekki siglt og mennirnir því peningalausir strandaglópar. Þeir hafi fengið matarmiða hjá félagsmálayfirvöldum í Reykjanesbæ, en nú sé drykkjarvatn í bátnum uppurið.



**JAN HURKO**

Sæmundur Árelíusson útgerðarmaður segist einungis skulda mönnunum laun fyrir hálfan mánuð. Hann afhenti blaðamanni ljósrit af útprenti úr heimabanka. Þau gefa til kynna að hann hafi millifært laun inn á reikninga mannanna, í mars og 8. og 30. apríl. „Millifærslan hefur verið framkvæmd“ stendur á einu ljósritinu, um staka greiðslu upp á 35.000 krónur.

„Það getur vel verið að mánuðurinn [mars] hafi verið 186 tonn. Það er þannig að menn fá 35.000 krónur á viku og svo mánuðinn á undan uppgerðan 15. næsta mánaðar, hafi fiskurinn verið meiri en tryggingin,“ segir Sæmundur. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu voru það 196 tonn. Mennirnir hafa ekki fengið hlut greiddan af því.



**ÁHÖFNIN Á ÓSKARI RE-157** Segjast vera strandaglópar í Keflavík og ekki fá laun sín greidd. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Mennirnir segja útgerðarmanninn hafa hótað að henda þeim úr bátnum, en þeir eigi hvorki fyrir húsnæði né farmiða heim. Sæmundur sjálfur segist hafa boðist til að borga mönnunum það sem hann skuldar þeim fram í apríl, gegn því að þeir sigldu áfram fyrir hann. „Og þeir vildu það ekki, og ég sagði þeim að þetta væri ekki hótel. [...] Þeir telja það hlunnindi að hafa frítt húsnæði, þegar aðrir þurfa að borga. Það er allt þarna um borð,“ segir Sæmundur. Hann ætli ekki að henda þeim út, og viti ekki til þess að vatn skorti um borð. Hann muni þá bjarga því.

Jónas Þór Jónasson, lögmaður skipverjanna, segir einnig að átt hafi að henda þeim úr bátnum. Þeir þurfi að leita til Ábyrgðasjóðs launa, því útgerðin sé á leið í þrot. Þá fái þeir ekki laun fyrr en síðar á árinu. Þangað til séu þeir peninga- og vandalausir á landinu. „Og mig grunar að hann hafi ekki borgað þeim rétt fiskverð,“ segir Jónas.

Skipstjóri mannanna, Sævar Ólafsson, segist hættur á bátnum „vegna vanefnda útgerðarmanns“. Pólsku skipverjana segir hann vera „fínustu menn“, þótt rétt sé, sem Sæmundur segir, að þeir hafi eitt sinn fengið sér of mikið neðan í því til að sigla.

Á bátnum hafi verið stöðugar deilur út af peningum „og ég fékk ekkert heldur í restina“, segir Sævar.

klemens@frettabladid.is

Saksóknari skoðar tíu mál:

# FME sendir fimm fljótlega

**VIÐSKIPTI „Það er alltaf vandamál hvað telst eitt mál og hvað tvö,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, um bankahrunið. Hann segir hvert mál geta kvíslast í fleiri mál og þurfi að skoða hvert um sig gaumgæfilega. Því sé erfitt að henda reiður á eiginlegum fjölda mála sem séu til rannsóknar frá Fjármálaeftirlitinu.**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

**FME hefur sent sérstöku embætti saksóknara tíu mál til rannsóknar. Þau fjalla um allt frá gruni um innherjasvik, markaðsmisnotkun, ranga skýrslugjöf til FME og ábendingar um meinta slæma viðskiptahætti. Fimm mál til viðbótar eru á lokastigi hjá FME og er gert ráð fyrir að þeim verði vísað til embættis sérstaks saksóknara á næstu vikum.** - jab

Stærsta smyglmál sögunnar:

# Skútusmyglarar áfram í haldi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur framlengt gæsluvarðhald yfir þremur mönnum sem handteknir voru á Austfjörðum 19. apríl grunaðir um að hafa reynt að smygla til landsins yfir 100 kílóum af fíkniefnum í skútu.

Tveir mannanna, Jónas Árni Lúðvíksson og Pétur Kúld Pétursson, voru úrskurðaðir í varðhald til 2. júní, en Halldór Hlíðar Bergmundsson til 29. maí.

Þrír menn, Rúnar Þór Róbertsson, Árni Hrafn Ásbjörnsson og Hollendingur á fimmtugsaldri voru handteknir á skútunni á flótta út úr landhelginni. Varðhald yfir þeim rennur út á morgun. - sh




Mótmæli voru í gistiheimilinu Fit í Reykjanesbæ í gærmorgun:

# Ástandið orðið lífshættulegt

**REYKJANESBÆR** Fólk safnaðist saman á gistiheimilinu Fit í Reykjanesbæ í gærmorgun til að mótmæla því að stjórnvöld bregðist ekki við hungurverkfalli Alsírmannsins Mansri Hichem og skeytingarleysi stjórnvalda þegar mannréttindi og velferð flóttamanna eru annars vegar.

Mansri Hichem hefur beðið í tvö ár eftir svari við umsókn sinni um hæli hér á landi og hefur nú verið í hungurverkfalli í 21 sólarhring. Ástand hans er lífshættulegt, innri líffæri farin að skemmast og verkir í hjarta og nýrum. Mansri er hættur að geta staðið uppréttur. Linda Magnúsdóttir sjúkraliði segir að vakað sé yfir Mansri en félagar hans hafi miklar áhyggjur af honum. Þeir eigi mjög erfitt með að horfa upp á það hvað honum líður illa. Mansri hafi hrakað meira og hraðar en búist hefði mátt við.

„Hann getur bara hvíslað og dettur út þegar maður talar við hann. Hann er með fullri meðvitund en honum hrakar hratt. Strákarnir á gistiheimilinu eru að missa vonina um að það verði eitthvað gert svo að nú ætla þeir að fara í hungurverkfall, líklega fyrir framan alþingishúsið, ef ekki berst svar frá stjórnvöldum,“ segir Linda. Jórunn Edda Helgadóttir, ein af talsmönnum mótmælenda, telur að mannréttindi, ákvæði alþjóðasamninga og landslög séu brotin á Mansri og félögum hans og spyr hvort það sé það sem búast megi við af ríkisstjórn sem kenni sig við mannúð og mannréttindi.



**MÓTMÆLA** Fólk safnaðist saman á gistiheimilinu Fit í Reykjanesbæ til að mótmæla því að stjórnvöld bregðist ekki við hungurverkfalli Mansri Hichem. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Rauði krossinn og félagsmálayfirvöld í Reykjanesbæ fylgjast með hungurverkfallinu. - ghs

# Vantar þig upplýsingar?

Á vefnum Island.is eru sértækar upplýsingar um aðgerðir til hjálpar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum. Þar er líka að finna almennan leiðarvísi að opinberri þjónustu.




**Heimili/einstaklingar:** Upplýsingar um úrræði fyrir heimilin vegna þrenginga í efnahagsmálum

**Getum við hjálpað?:** Spurningar og svör, hvert á að leita eftir aðstoð o.fl.

**800 1190** Gjaldfrjáls upplýsingasími stjórnvalda. Hringdu og fáðu svar!

**Fréttir af efnahagsmálum** og aðgerðum stjórnvalda

**Leiðarvísir** að opinberri þjónustu

**Fyrirtæki/atvinnulíf:** Upplýsingar og úrræði fyrir fyrirtækin vegna þrenginga í efnahagsmálum

**Aðgerðir stjórnvalda:** Samantekt aðgerða stjórnvalda ásamt verkefnaskrá og upplýsingum um samvinnu við AGS

**midstod@island.is:** Sendu inn fyrirspurn og þér verður svarað

**Fréttir** frá ráðuneytum varðandi efnahagsvanda þjóðarinnar

**Úrræði til hjálpar heimilum**




Forsíða vefhlutans **Opinber þjónusta**

Fjallað um **helstu mál** líðandi stundar

Allt um **skólakerfið**

Hvernig virkar **heilsugæslan?**

Hvar má **tjalda** á Íslandi?

**Leitargluggi** þar sem unnt er að leita að ákveðnum orðum, efnisflokkum eða eyðublöðum á öllum vefnum

Valhnappur fyrir upplýsingar um **efnahagsmál**

**Mest** heimsótta efni þessa vefhluta

**Nýtt** efni á vefnum

**Aðalefnisflokkar** vefhlutans

Leitaðu nánari upplýsinga á **www.island.is**. Einnig er upplýsingar fyrir erlenda aðila um efnahagsástandið að finna á **www.iceland.org**

island.is

**800 1190** eða **midstod@island.is** - Upplýsingamiðstöð stjórnvalda

## GENGIÐ 11.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,02 | 125,62 |
| Sterlingspund | 188,9 | 189,82 |
| Evra | 169,9 | 170,86 |
| Dönsk króna | 22,807 | 22,941 |
| Norsk króna | 19,503 | 19,617 |
| Sænsk króna | 16,168 | 16,262 |
| Japanskt jen | 1,2765 | 1,2839 |
| SDR | 189,15 | 190,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

208,2853

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Georgíu átti árangurslausan fund með leiðtogum mótmælenda:

# Mótmælum haldið áfram

**GEORGÍA, AP** Engin niðurstaða varð af fundi forseta Georgíu í gær með fjórum leiðtogum mótmælendahreyfingarinnar, sem staðið hefur fyrir fjöldamótmælum gegn forsetanum vikum saman.

„Við erum gjörsamlega á öndverðum meiði, stjórnarandstaðan og forsetinn," sagði Levan Gacheciladze, sem er þingmaður og einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar. „Mótmælin munu halda áfram í dag og á morgun, og um langa hríð enn." Mikhaíl Saakashvili forseti hefur jafn neitað að verða við meginkröfu mótmælenda, sem er sú að hann segi af sér embætti. Í gær féllst hann á



**LEIÐTOGAR MÓTMÆLENDA** Kakha Shartava, Levan Gachechiladze, Irakli Alasania and Salome Zurabishvili á fundi með Saakashvili. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að hitta fjóra af helstu leiðtogum mótmælenda, en sá fundur virðist sem sagt engu hafa skilað. Mótmælendur hafa síðan 9. apríl verið fjölmennir á götum höfuðborgarinnar Tíblisi. Saakashvili forseti hefur barist fyrir aðild Georgíu að NATO. Hann nýtur stuðnings Vesturlanda en hefur ögrað Rússum. Í ágúst braust út stríð milli Georgíu og Rússlands út af héraðinu Suður-Ossetíu, sem hefur verið innan landamæra Georgíu en vill sameinast Norður-Ossetíu, sem er innan landamæra Rússlands.

Margir Georgíumenn kenna Saakashvili um þau átök, sem enduðu með því að Georgía virðist endanlega hafa misst yfirráð bæði í Suður-Ossetíu og Abkasíu, öðru héraði sem einnig vill segja skilið við Georgíu. - gb

Bandarísk blaðakona:

# Látin laus úr fangelsi í Íran

**ÍRAN, AP** Bandarísk-íranska blaðakonan Roxana Saberi var látin laus úr fangelsi í Íran í gær. Áfrýjunardómstóll mildaði dóm hennar úr átta ára óskilorðsbundnu fangelsi í tveggja ára skilorðsbundið.

Saberi, sem er 32 ára, er væntanleg til Bandaríkjanna á næstu dögum. Hún var handtekin í janúar og ákærð fyrir að hafa stundað njósnir fyrir Bandaríkin. Hún hefur búið í Íran í sex ár og starfað sem fréttamaður, meðal annars fyrir breska útvarpið BBC.

Handtaka hennar hefur orsakað deilur milli stjórnvalda Írans og Bandaríkjanna. - gb



**TOLLHÚSIÐ** Talið er að stúlkunni hafi verið nauðgað í bíl við Tollhúsið í Tryggvagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kynferðisbrot í rannsókn:

# Lýst eftir vitnum að nauðgun

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan lýsir eftir vitnum að því þegar nítján ára stúlku var nauðgað, að því er talið er, í bíl í Tryggvagötu aðfaranótt laugardagsins 2. maí. Talið er að brotið hafi átt sér stað á bílastæði við Tollhúsið, á tímabilinu frá 4.45 til 5.15. Annar þeirra grunuðu var á föstudag úrskurðaður í framlengt gæsluvarðhald í fjórar vikur. Hinum var sleppt. Mennirnir eru báðir um fertugt, ættaðir frá Suður-Ameríku og starfa sem dyraverðir hvor á sínum skemmtistaðnum.**

**Mennirnir öskruðu ókvæðisorð á eftir stúlkunni á útlensku þegar hún flúði eftir árásina. Stúlkan hlaut nokkra áverka.** - sh

## LEIÐRÉTTINGAR

Rangt var farið með upphæð á skólastyrk sem Árni Beinteinn Árnason fékk í verðlaun á kvikmyndahátíð í Nashville. Rétt er að skólastyrkurinn er tíu þúsund dollarar.

Fyrir mistök féll niður nafn Birgis Más Guðmundssonar, trúnaðarmanns VR og höfundar greinarinnar „Nýj stjórn VR og staðan í dag", sem birtist ómerkt í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Telur ekki víst að sótt verði um ESB-aðildina í sumar

**Þingmaður VG efast um að tímasetning Samfylkingar um umsókn í júlí gangi eftir. Málið fái þinglega meðferð. Betra að sækja um eftir tvö ár. Formaður Framsóknar segir erfitt að semja með óviljuga ráðherra.**

**STJÓRNMÁL** „Þótt það sé lögð svona rík áhersla á þessa tímasetningu af hálfu Samfylkingarinnar þá er nú ekki þar með sagt að það sé í raun hægt að lofa því eða fylgja því eftir. Við skulum sjá til hvernig þingið fer með þetta," segir Þuríður Backman, þingmaður VG.

Þuríður er einn þeirra fimm þingmanna flokksins, sem hafa lýst því yfir að þeir muni ekki styðja tillögu um umsókn að Evrópusambandinu.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að utanríkisráðherra muni innan skamms leggja fram þingsályktunartillögu um aðild að ESB. Stefnt skuli að því að sækja um í júlí. En Þuríður vill heldur bíða þangað til úr rætist í efnahagsmálum. Það taki vonandi ekki mikið meira en tvö ár.

Þuríður segist aðspurð ekki vilja tefja málið, en mikilvægt sé að það fái þinglega meðferð og verði sent til umsagnar í nefndir. Helst vilji hún þjóðaratkvæðagreiðslu um umsóknina sjálfa. „Eins og þetta er í stjórnarsáttmála [...] er öllum frjálst að berjast fyrir sínum málstað," segir hún.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG, hefur einnig álýktað gegn væntanlegri tillögu. „Ég er bara að tala fyrir mína parta. Ég er búin að gera upp minn hug, ég mun ekki styðja þetta," segir hún.

Ásmundur Einar Daðason, nýr þingmaður VG, segist vilja skoða aðrar leiðir í gjaldeyrismálum, en hefur ekki gert upp við sig hvað honum hugnist best í þeim málum. „Ég er mjög harður Evrópuandstæðingur og stend við það," segir hann. „Þetta er mín sannfæring og prinsipp og ég mun fylgja því í rauðan dauðann."

klemens@frettabladid.is



**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON**



**LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR**

„Þetta er mín sannfæring og prinsipp og ég mun fylgja því í rauðan dauðann."

**ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON** ÞINGMAÐUR VG



**ÞURÍÐUR BACKMAN** Vill heldur að beðið sé með aðildarumsókn þangað til dýpsta efnahagslægðin verður að baki. Hún vonast til að það verði eftir ekki lengri tíma en tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## STJÓRNARTILLAGA

Þingsályktunartillaga Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra verður flutt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hún verður því stjórnartillaga. Slíkar tillögur eru yfirleitt studdar af ríkisstjórn allri, en fordæmi eru þó fyrir öðru, til að mynda klofnaði ríkisstjórnin í Helguvíkurfrumvarpinu.

Það hefði þó pólitískar afleiðingar ef stjórnartillaga yrði felld vegna klofnings í stjórninni, eða ef ekki fengist meirihluti stjórnarinnar fyrir henni. Heimildarmaður úr stjórnkerfinu dregur ekki úr því að það gæti skemmt fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi.

## ÞARF AÐ SKÝRA UMBOÐ SAMNINGAFÓLKS

„Í sjálfu sér getur vel verið að Framsóknarflokkurinn samþykki almenna þingsályktunartillögu sem lýsi vilja og áhuga þingsins til aðildarviðræðna," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins.

„En stóra spurningin er hvaða umboð felst í því, hverjum er falið umboð til að taka ákvarðanir í viðræðum; að gera hugsanlegan samning," segir Sigmundur. Þetta þurfi að útlista betur. Hann hafi vonast til að stjórnarflokkarnir skýrðu málin í gær á kynningarfundi með stjórnarandstöðunni um ESB-tillöguna. En honum var frestað til miðvikudags.

„Auðvitað væri eðlilegast að ríkisstjórnin sjálf sækti um aðild, en fyrst svo verður ekki, verð ég að viðurkenna að það er um þetta mikil óvissa," segir hann.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Spurður neitar Sigmundur því ekki að Framsókn gæti hugsað sér að taka þátt í samningaviðræðunum, myndaðist þverpólitísk sátt um aðildarviðræðurnar.

„En þá þarf að fá þetta umboð á hreint. Hvernig á einhver hópur í þinginu að geta staðið í viðræðum við ESB þegar ráðherrar fjármála, landbúnaðar og sjávarútvegs eru harðir andstæðingar þess að semja við ESB yfirleitt?" spyr Sigmundur.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HITASVEIFLA**

Við erum að sigla inn í eindregin hlýindi á landinu og má kannski segja að forsmekkinn fáum við í dag þegar hitinn á Norðausturlandi kann að ná einum 17-18 stigum. Á morgun, fimmtudag og föstudag á ég von á að sjá hitatölur um 20 stig norðanlands. Annars staðar verður vissulega hlýtt þó ekki nái hitinn slíkum hæðum. Vindasamt verður í Reykjavík.







**Á MORGUN** 10-15 suðvestanlands annars hægari




**FIMMTUDAGUR** 5-10 m/s stífastur syðst

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 24° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 18° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 17° |
| New York | 19° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 15° |
| París | 19° |
| Róm | 24° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Eurovision kvöldið byrjar í N1!

**Góða skemmtun í kvöld!** Þú færð allt sem þú þarft í N1 til að fullkomna Eurovision stemmninguna.




SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á nýja ríkisstjórn?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með fyrstu umferðinni í Pepsi-deildinni í fótbolta?*

Segðu skoðun þína á visir.is. **vísir**

Opinn bæjarstjórnarfundur í Vestmannaeyjum um fyrningarleiðina:

# Segja borgina vilja Eyjagóssið

**SJÁVARÚTVEGUR** „Margir hafa það á tilfinningunni að nú þegar Reykjavík hefur tæmt skuldabréfabikarinn þá eigi að seilast í verðmæti landsbyggðarinnar,“ sagði Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, eftir opinn fund bæjarstjórnar í gær til að ræða áform stjórnvalda í sjávarútvegsmálum.

Þangað komu fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi í Vestmannaeyjum. Meðal annars mættu fulltrúar fiskverkafólks, sjómanna, skipstjórnenda, vélstjóra, útgerðarmanna og fiskverkenda.

„Allir töluðu einum rómi um að fyrningarleiðin væri feigðarflan fyrir sjávarútveginn sem einkenndist af vankunnáttu þeirra sem að henni standa.“ Harðorð ályktun gegn fyrningarleiðinni var sett saman og send Jóni Bjarnasyni, nýskipuðum sjávarútvegsráðherra, en Elliði segist vongóður um að hann sjái að sér.

„Formaður verkalýðsfélags hér í bænum orðaði þetta svona „ég hef trú á manninum þannig að ég trúi því ekki að álíka heimska nái fram að ganga“. **- jse**



**ELLIÐI Á OPNUM BÆJARSTJÓRNARFUNDI** Fjölmennt var á fundi en ályktað einum rómi, segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Sóttvarnarstofnun ESB:

# Alls 5.132 með svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL Staðfest tilfelli svínaflensu (H1N1), voru alls 5.132 í 30 ríkjum í heiminum í gær, samkvæmt upplýsingum frá Sóttvarnastofnun ESB.**

**Þar á meðal eru tvö staðfest tilfelli í Noregi, tvö í Svíþjóð og eitt í Danmörku. Staðfest dauðsföll vegna flensunnar eru 53 talsins, flest í Mexíkó eða 48, þrjú dauðsföll eru staðfest í Bandaríkjunum, eitt í Kanada og eitt í Kosta Ríka. Enginn tilfelli hafa verið greind hér á landi. Alþjóðaheilbrigðisvöld halda óbreyttu viðbúnaðarstigi sínu enn um sinn. Viðbúnaði hérlendis er haldið áfram á hættustigi. - kg**
















# Sekt en ekki svipting fyrir kannabis í þvagi

**Þeir sem teknir eru undir stýri með leifar af kannabisefnum í þvagi eiga ekki lengur von á því að vera sviptir ökurétti. Þeir eru samt sektaðir um tugi þúsunda. Breyta þarf gallaðri og of strangri löggjöfinni að mati ríkissaksóknara.**

**DÓMSMÁL** Dómstólar eru hættir að svipta menn ökurétti fyrir að aka með kannabisleifar í þvagi þegar ljóst þykir að þeir eru ekki lengur undir áhrifum þess. Þrír slíkir hæstaréttardómar féllu í síðustu viku. Eftir sem áður eru menn sektaðir fyrir athæfið lögum samkvæmt.

Óvirkt niðurbrotsefni kannabiss, tetrahýdrókannabínólsýra, getur fundist í þvagi neytenda í allt að tvær vikur, jafnvel lengur í undantekningartilvikum, eftir að efnið hverfur að fullu úr blóðinu og áhrif þess sömuleiðis.

Lög kveða á um að ekki megi aka bíl með ólöglegg fíkniefni í blóði eða þvagi og fallið hafa dómar bæði í héraði og Hæstarétti þar sem menn eru sektaðir og sviptir ökurétti fyrir það eitt að mælast með tetrahýdrókannabýnólsýru í þvagi. Þetta er nú að breytast.



**VALTÝR SIGURÐSSON**

Í umferðarlögum er undantekningarákvæði sem segir að sleppa megi sviptingu ökuréttar „ef sérstakar málsbætur eru“ og ökumaður hefur ekki brotaferil í umferðinni. Hæstiréttur staðfesti í síðustu viku þrjá dóma þar sem þessu undanþáguákvæði er beitt. Mennirnir þrír höfðu mælst með niðurbrotsefnið í þvagi, en ekkert efni í blóði.

Mönnunum þremur var eftir sem áður gert að greiða 70 til 80 þúsund krónur í sekt, enda er ekkert undanþáguákvæði sem nær til sektargreiðslnanna.

„Löggjöfin er of ströng að okkar mati,“ segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari. Fyrir réttu ári mælti embætti ríkissaksóknara með því við samgönguráðuneytið, sem hefur umferðarlög á sinni könnu, að lögunum yrði breytt og orðið ‚þvag‘ fellt úr þeim. Málið hefur verið til skoðunar hjá nefnd sem nú endurskoðar umferðarlögin.

„Þessir dómar sýna það enn frekar að það sé æskilegt að fella þetta orð úr lögunum,“ segir Valtýr. Hann segir að hugsanlega hafi menn ekki áttað sig á vandkvæðunum sem þessu orðalagi fylgja þegar lögin voru sett. „Þetta er hins vegar orðið öllum ljóst sem eru að vinna að þessum málum núna,“ segir hann.

„Það er góðra gjalda vert að berjast gegn fíkniefnum en menn verða nú aðeins að staldra við og skoða hvaða aðferðum er beitt við það,“ segir Valtýr. **stigur@frettabladid.is**



**ERTU LÖGLEGUR?** Fjöldi manna hefur verið sviptur ökuleyfi fyrir það eitt að vera með niðurbrotsefni kannabiss í þvagi sínu, en ekki undir áhrifum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÓBEINAR REYKINGAR NÆSTA ÁLITAMÁL



Í vikunni mun Hæstiréttur kveða upp dóm í máli manns sem í héraði var sýknaður að fullu af ákæru um akstur með kannabisleifar í þvagi. Hann sagði niðurbrotsefnið í þvagi sínu vera vegna óbeinna reykinga af því að menn honum ókunnugir hefðu reykt mikið kannabis í bílnum hans. Dómnum þótti ekkert fram komið í málinu sem hrakti þessa staðhæfingu ákærða.

„Það er viðbúið að slíkum mótbárum fjölgi mjög mikið,“ segir Valtýr, fari svo að Hæstiréttur fallist á þessi rök.

Verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum segir gott viðskiptatækifæri í boði:

# Bjóða út sýnatökur úr ökumönnum

„Það er bara að mæta á staðinn þegar lögreglan hringir og taka blóðsýni,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Ríkiskaupum, um nýtt útboð fyrir dómsmálaráðuneytið.

Auglýst er eftir meinatæknum, læknum eða öðrum með slíka menntun til að annast sýnatökur úr ökumönnum sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum áfengis, lyfja eða fíkniefna. Læknavaktin hefur séð um sýnatökurnar að undanförnu. Guðrún segir um að ræða tugmilljóna króna útgjaldalið hjá lögreglunni.

„Þetta getur verið upplagt viðskiptatækifæri fyrir hjúkrunarfræðinga, meinatækna og lækna nú þegar er verið að segja upp víða í heilbrigðisgeiranum og minnka yfirvinnu. Þarna gæti skapast atvinnutækifæri fyrir nokkra sem taka saman og nýtt sprotafyrirtæki með engri yfirbyggingu,“ bendir Guðrún á.

Í gögnum útboðsins kemur fram að þvagsýna- og blóðsýnatökur á árinu 2009 eru heldur færri en á sama tímabili á næstliðnum árum og að flestar sýnatökur séu gerðar um klukkan eitt að nóttu. Langflest sýnin eru tekin um helgar. **- gar**



**UMERÐAREFTIRLIT** Lögreglan fylgist reglulega með ástandi ökumanna og lætur taka úr þeim sýni ef grunur er um að þeir séu undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




# Við flytjum gögn fyrir Icelandair Cargo

**Eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem treysta Skyggni fyrir rekstri tölvukerfa sinna**

Icelandair Cargo er öflugt fyrirtæki sem leggur áherslu á öryggi og áreiðanleika. Þess vegna varð Skyggnir fyrir valinu til að sjá um tölvukerfi fyrirtækisins. Skyggnir býður Icelandair Cargo upp á sérlausnir í rekstrarþjónustu sem sniðnar eru að þörfum fyrirtækisins.

Skyggnir sérhæfir sig í hönnun og rekstri tölvu- og samskiptalausna sem lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Við höfum á annað hundrað sérfræðinga á okkar snærum og þjónustumiðstöð sem opin er allan sólarhringinn.

| **Alrekstur** | **Hagræðing** |
|---|---|
| · Engir bakreikningar | · Greining og ráðgjöf |
| · Meira öryggi | · Úrbætur |
| · Aukin hagkvæmni | · Minni kostnaður |

**Skyggnir**

Skyggnir er hluti af Nýherjasamstæðunni

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað heitir nýi iðnaðarráðherrann?

2 Númer hvað er Star Trek-myndin sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum?

3 Ormur Óðinsson er söguhetja bókar sem brátt verður kvikmynduð, hvað heitir hún?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

**Neytendur:** Rauða kross-húsið og asískar matvörubúðir

# Ódýrasta utanlandsferðin er á Hlemm



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Í því dapurlega ástandi sem nú ríkir á vinnumarkaði eru margir að gera góða hluti, til dæmis Rauði krossinn. Hann rekur Rauða kross-húsið að Borgartúni 25 þar sem er opið alla virka daga kl. 12–17. Þar eru haldin ókeypis námskeið og veitt ráðgjöf af ýmsu tagi. Heimasíða Rauða kross-hússins (raudakrosshusid.is) er líka gagnleg. Þar er til dæmis búið að setja á einn stað upplýsingar um frístundir, námskeið, fyrirlestra, upplýsingar um ráðgjöf og annað sem fólki stendur til boða sér að kostnaðarlausu.

En að öðru. Ódýrasta leiðin til að komast á framandi slóðir er að heimsækja þær matvörubúðir sem fyrirfinnast í bænum og eru dálítið öðruvísi. Tvær asískar verslanir eru í miklu uppáhaldi hjá mér, Mai Thai á Hlemmi og Asian á Suðurlandsbraut, við hliðina á Quiznos. Umhverfi, lykt og vöruúrval býr til stemningu sem maður þarf ekkert ægilega mikið ímyndunarafl til að túlka sem svo að maður sé á framandi slóðum, í útlöndum, víðs fjarri kreppu og íslenskum bömmerum. Sé maður í stuði má svo láta reyna á gæði asísks harðfisks, þarasnakks eða kókoshnetuíspinna. Í Asian er að auki lítill skyndibitastaður sem er einn sá ódýrasti á landinu. Enginn réttur kostar yfir þúsund krónum og réttur dagsins er á 390 kr. með gosi. Ódýrara verður það nú varla.



**ASIAN VÐ SUÐURLANDSBRAUT** Inni í versluninni er einnig skyndibitastaður.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Þingmaðurinn hlaut einróma kosningu í starf formanns þingflokks Samfylkingarinnar.

Stjórn þingflokks S-lista valin:

# Björgvin þingflokksformaður

**ALÞINGI** Björvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, var í gær kosinn formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Björgvin hlaut einróma kosningu í starfið á þingflokksfundinum í gær.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir heldur áfram sem varaformaður þingflokksins en Skúli Helgason, nýkjörinn þingmaður flokksins, tekur við starfi ritara þingflokksins. - sh

Rekstrarstjóri kvartar til Samkeppnisstofnunar:

# Ósáttur við afslátt á orkuverði til álvera

**VIÐSKIPTI** Björgvin Þór Hólm, rekstrarstjóri Tölvuvirkni, er afar ósáttur við að fyrirtæki eins og það sem hann starfar hjá skuli þurfa að borga, eftir því sem hann kemst næst, 36 sinnum meira fyrir raforkuna en álverin hér á landi.

„Samkvæmt síðasta reikningi sem við fengum borgum við 7,35 krónur fyrir kílóvattstundina,“ segir Björgvin. „Ég spurðist því fyrir í iðnaðarráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, Landsvirkjun og einnig hjá stjórnmálamönnum um það hvað álverin greiða fyrir raforkuna. Ég fékk engin svör.“ Eftir að hafa kannað málin eftir öðrum leiðum segist hann hafa þær upplýsingar að þau greiði um tuttugu aura, sem er 36-falt minna en Tölvuvirkni greiðir. Úttekt Fréttablaðsins frá því í júní 2007 leiddi hins vegar í ljós að verðið sem Norðurál greiddi þá var 2,1 krónur á kílóvattstund. „Ég hef kvartað við Samkeppnisstofnun því þarna fær eitt fyrirtæki mun betri kjör á efnivið frá okkur Íslendingum. Ég undrast mjög áhugaleysi viðskiptaráðuneytisins við að upplýsa um orkuverðið en það á að standa vörð um fyrirtækin í landinu. Það er ekki að standa í stykkinu í þessu tilfelli.“ - jse



**BJÖRGVIN Í TÖLVUVIRKNI** Gagnrýnir ójafnt verðlag á raforku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FLÓTTAFÓLK Í PAKISTAN** Flestir leita skjóls í flóttamannabúðum, sem fyrir löngu eru yfirfullar. RÉTTABLAÐIÐ/AP

# Harðar árásir á talibana

**Meira en 360 þúsund manns eru flúnir frá Swat-dalnum í Pakistan þar sem stjórnarherinn gerir nú harðar loftárásir á vígstöðvar talibana.**

**PAKISTAN, AP** Stjórnarherinn í Pakistan segir flótta kominn á herskáa talibana í Swat-dalnum og nærliggjandi sveitum, sem þeir höfðu náð á sitt vald.

Herinn hefur haldið uppi hörðum loftárásum á dalinn og segir að meira en 700 talibanar séu fallnir. Óttast er um örlög almennra borgara á svæðinu.

Sameinuðu þjóðirnar segja meira en 360 þúsund manns flúna frá átakasvæðunum síðan þessi hrina hófst í síðustu viku. Þessi mannfjöldi bætist við hálfa milljón manna sem áður höfðu flúið undan fyrri átökum stjórnarhersins og uppreisnarsveita, sem sumar eru undir stjórn talibana.

Margir leita skjóls í flóttamannabúðum sem fyrir löngu eru yfirfullar.

Í flóttamannabúðum í bænum Mardan skammt suður af átakasvæðunum biðu hundruð manna klukkutímum saman til þess að skrá sig hjá starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna, til þess að fá tjald að búa í, matvæli og læknishjálp.

„Ég sé ekki neitt í þessum búðum sem hjálpar okkur mikið,“ sagði einn hinna nýkomnu, Iftikiar Khan. Hann óttaðist að aðstæður þar væru ófullnægjandi. Hann sagðist hafa vonast til að geta fengið húsaskjól hjá ættingjum, eins og reyndar flestir flóttamennirnir virðast stefna að.

Bandaríkjastjórn hefur lýst ánægju sinni með þá hörku sem pakistönsk stjórnvöld hafa ákveðið að beita uppreisnarhópana, sem hafa komið sér fyrir í norðvesturhéruðum Pakistans. Þar geta þeir skipulagt árásir á liðsmenn Bandaríkjahers og NATO handan landamæranna í Afganistan.

Pakistönsk stjórnvöld bera sig mannalega: „Við munum halda áfram þessum aðgerðum þar til síðasti talibaninn er fallinn,“ segir Rehman Malik innanríkisráðherra. „Við gefum þeim ekkert tækifæri. Þeir eru á flótta. Þeir bjuggust ekki við sókn af þessu tagi.“

Margt er þó óljóst um framgang mála. Ekki hefur verið hægt að staðfesta tölur hersins um mannfall og óvíst er um örlög almennra borgara. Herinn segir að tólf til fimmtán þúsund hermenn hafi verið sendir á vettvang til að berjast við 4-5 þúsund manna lið uppreisnarmanna. Í liði þeirra eru taldir vera bæði afganskir og pakistanskir talibanar auk reyndra útlendra bardagamanna.

gudsteinn@frettabladid.is

Frumkvöðlasetrið Kveikjan

Ert þú með viðskiptahugmynd?

**Kveikjan** er nýtt frumkvöðlasetur í Hafnarfirði fyrir fólk með góðar viðskiptahugmyndir. Þú getur sótt um aðstöðu á setrinu á www.nmi.is.

Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Sveitarfélagið Álftanes og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa tekið höndum saman um rekstur á nýju frumkvöðlasetri sem fengið hefur nafnið **Kveikjan**.

**Kveikjan** verður á Strandgötu 11 í Hafnarfirði en henni er ætlað að veita frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum aðstöðu og faglegan stuðning við framgang hugmynda sinna.

- Skrifstofuaðstaða með innréttingum
- Aðgangur að fundarherbergjum
- Fagleg handleiðsla sérfræðinga Impru á Nýsköpunarmiðstöð
- Skapandi umhverfi og öflugt tengslanet einstaklinga og fyrirtækja

Nánari upplýsingar eru veittar í **síma 522 9000** og á vef Nýsköpunarmiðstöðvar **www.nmi.is** en þar er einnig að finna umsóknareyðublað.

GARÐABÆR HAFNARFJÖRÐUR Sveitarfélagið ÁLFTANES

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Frumkvöðlasetrið Kveikjan




# 40%

**afsláttur af öllum húsgögnum**

SÓFAR
SÓFASETT
HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
SVEFNSÓFAR
HVÍLDASTÓLAR
BORÐSTOFUHÚSGÖGN
SKÁPAR...







**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** Virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**
**www.valhusgogn.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 67 **Velta:** 222 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 253 | +0,93% | 683 | +1,11% |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| BAKKAVÖR | +25,29% | ATLANTIC AIRW. | -3,47% |
| MAREL FOOD S. | +3,55% | CENTURY AL. | -3,3,07% |
| ÖSSUR | +0,40% | FØROYA BANKI | -2,02% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 2,90 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 -3,47% ... Atlantic Petroleum 575,00 +0,00% ... Bakkavör 2,18 +25,29% ... Eik Banki 83,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 121,50 -2,02% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 55,50 +3,55% ... Össur 99,70 +0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Stefnir í átakafund hjá Byr

„Markmiðið er að verja sparisjóðinn og grípa til aðgerða til að tryggja að hann geti tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem bíður," segir Eggert Þór Aðalsteinsson, talsmaður hóps stofnfjáreigenda og annarra velunnara Byrs, sem ætla að bjóða fram til stjórnar á aðalfundi sparisjóðsins á morgun. „Okkur stendur ekki á sama um sparisjóðinn," bætir hann við.

Framboðið á rætur sínar að rekja til rannsóknar hjónanna Rakelar Gylfadóttur og Sveins Margeirssonar á viðskiptum með stofnfjárhluti Byrs eftir hrun bankakerfisins í fyrrahaust og afleitrar afkomu sjóðsins í fyrra.

Um fjögur þúsund manns mættu á tvo fundi sem þau Rakel og Sveinn stóðu fyrir í síðasta mánuði og var samstaða um að tryggja heilbrigt sparisjóðakerfi á Íslandi.

Að hópnum standa reynsluboltar í fyrirtækjarekstri en fyrir honum fer Hörður Arnarson, sem nýverið steig úr stóli forstjóra Marel Food Systems eftir tíu ára setu. Auk hans gefa kost á sér í aðalstjórn Byrs Arnar Bjarnason, Ingunn Guðmundsdóttir, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Sveinn Margeirsson.



HÖRÐUR ARNARSON

# Flutt út fyrir 181 milljarð

Verðmæti sjávarútflutnings nam 181 milljarði króna í fyrra. Þetta er 42,3 prósenta aukning á milli ára.

Þetta kemur fram í ritinu Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2008, á vegum Hagstofunnar.

Fluttar voru út sjávarafurðir fyrir 171,3 milljarða króna og jókst verðmæti þeirra um 34,3 prósent á milli ára. Líkt og undanfarin ár skiluðu frystar afurðir um helmingi útflutningsverðmætis. Af einstökum afurðum var verðmæti blautverkaðs saltfisks úr þorski mest, 14 milljarðar króna.

Tæp áttatíu prósent sjávarafurða voru flutt til EES-svæðisins, að því er segir í ritinu. - jab

# MP Banki opnar útibú í Borgartúni

„Við tókum eftir því að fólk var mjög ánægt með þetta," segir Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs MP Banka.

Bankinn opnaði nýtt útibú í Borgartúninu í gærdag.

Ólafur segir það allt hið glæsilegasta. Útibúið tilheyrði áður Spron og var húsnæðið upphaflega tekið í gagnið fyrir einu og hálfu ári. Starfsfólk útibús MP Banka í Borgartúninu býr yfir mikilli reynslu, allt að þrjátíu árum, og kemur frá Spron.

Ólafur segir marga hafa haft samband síðustu vikurnar og spurst fyrir um útibúið. Margir hafi komið við í gær og kynnt sér aðstæður. Nokkrir þeirra eru viðskiptavinir ríkisbankanna og sögðust geta hugsað sér til hreyfings, að sögn Ólafs. - jab



**KÆTI VIÐ OPNUN ÚTIBÚSINS** Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP Banka, brosandi við langþráða opnun útibús bankans í Borgartúni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þroskaþjálfafélag Íslands

**Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands**
verður haldinn fimmtudaginn 14. maí n.k. í Borgartúni 6 kl. 15:00.
Dagskrá samkvæmt lögbundnum aðalfundarstörfum.

Stjórnin

**Fagor** þvottavél



A+ Orkunýtni
A Þvottahæfni
B Þeytivinda

Fagor þvottavél
3F-111
1100 snúninga þeytivinda.
5kg hleðsla.
Tilboð 75.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 90535

# Efnahagsbrotin eru alls staðar

**Íslendingar verða að svipta hulunni af svikum innan fjármálageirans og láta sökudólga svara til saka. FME hefur sent tíu mál til sérstaks saksóknara.**

„Íslendingar verða sjálfir að velja hvaða leið þeir fara til að ljóstra upp um efnahagsbrot innan fjármálageirans. Það mun koma mér á óvart ef hér fyndust engin svik. Þau má finna alls staðar," segir William K. Black háskólaprófessor, sem áður var háttsettur hjá bandaríska fjármálaeftirlitinu.

Black skrifaði bók um fjársvik innan fjármálafyrirtækja sem kom út fyrir fjórum árum og tekur hún á orsökum þess þegar molna tekur undan geiranum í kjölfar innherjasvika og bókhaldsbrellna til að fela taprekstur.

Black flutti fyrirlestur fyrir fullu húsi í Háskóla Íslands í gær og tók að því loknu þátt í pallborðsumræðum.

Hann sagði meðal annars að sérstakt saksóknaraembætti yrði að vinna í því að fá fólk til að ljóstra upp um meðvitaðar misgjörðir innan fjármálageirans. Bein lína til embættisins sé dæmi um slíkt. „Auðvitað má búast við að fólk hringi inn og skilji eftir ýmiss konar vitleysu. Inni á milli er safaríkara efni sem má rannsaka frekar," sagði hann en lagði áherslu á að nánd og skyldleiki Íslendinga geti verið til trafala vegna uppljóstrana og því verði að finna örugga leið fyrir fólk til að ljóstra upp um misfellur í fjármálageiranum.

jonab@markadurinn.is



**UMRÆÐUSTJÓRNANDINN EGILL HELGASON OG BLACK** Bandarískur uppljóstrari og fyrrverandi starfsmaður bandaríska fjármálaeftirlitsins segir mikilvægt að komið verði upp um efnahagsbrot innan fjármálafyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## TÍU MÁLUM VÍSAÐ TIL SAKSÓKNARA



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

„Það er alltaf vandamál hvað telst eitt mál og hvað tvö," segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari um bankahrunið. Hann segir hvert mál geta kvíslast í fleiri mál og þurfi að skoða hvert um sig gaumgæfilega. Því sé erfitt að henda reiður á eiginlegan fjölda mála sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur sent embættinu.

Ólafur vildi ekki tjá sig frekar um málin, hvorki eðli þeirra né hver staða þeirra er innan embættisins. Fram kom á fundi með William K. Black í gær, að FME hafi vísað tíu málum til embættisins sérstaks saksóknara. Um miðjan mars hafði átta málum verið vísað áfram.

Þau snúa meðal annars um grun um innherjasvik, markaðsmisnotkun, ranga skýrslugjöf til FME og ábendingar um meinta slæma viðskiptahætti, í svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins. Fimm mál til rannsóknar eru á lokastigi hjá FME og er gert ráð fyrir að þeim verði vísað til embættis sérstaks saksóknara á næstu vikum.

Málum getur lokið hjá Fjármálaeftirlitinu með álagningu stjórnvaldssekta eða sátt. Grun um meiri háttar brot vísar FME til embættis sérstaks saksóknara, að því er fram kemur í svari FME.

# CCP gefur út skuldabréf í Bandaríkjadölum í vikunni

**Fimm fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að nýta heimild Seðlabankans, taka lán í krónum og greiða til baka í erlendri mynt. CCP ryður brautina í vikunni með skuldabréfaútgáfu.**

„Við sáum þetta sem tækifæri til að endurfjármagna fyrirtækið til lengri tíma," segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, sem á og rekur netleikinn EVE Online. Fyrirtækið hefur í þessari viku sölu á skuldabréfi til sjö ára sem er gefið út í bandaríkjadölum og kaupendur greiða fyrir í íslenskum krónum. MP banki hefur umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfanna.

Þetta er í samræmi við heimild Seðlabankans frá í síðustu viku til að vinda ofan af krónubréfaeignum erlendra fjárfesta sem festust inni með eignir sínar við innleiðingu gjaldeyrishaftanna í fyrrahaust. Viðræður um lausn á vandanum hafa staðið yfir síðan fyrir áramót.

Fjögur önnur fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á skuldabréfaútgáfu sem þessari, svo sem Landsvirkjun, Norðurál, Marel Food Systems auk stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Þá hefur legið fyrir áhugi sjávarútvegsfyrirtækja að skoða þessa leið til að tryggja sér rekstrarfé við erfiðar markaðsaðstæður. Eftir því sem næst verður komist er málið í frumskoðun og hafa engar upphæðir verið nefndar nema hjá CCP.

CCP er lengst komið með málið en fyrirtækið fékk heimild til skuldabréfaútgáfunnar 24. apríl síðastliðinn. Stjórn fyrirtækisins hefur heimild til skuldabréfútgáfu upp á 2,5 milljarða króna. Fyrsta kastið er stefnt að því að selja bréf fyrir tæpan milljarð króna.



**HILMAR V. PÉTURSSON** Netleikjafyrirtækið CCP ryður krónubréfaleiðina í vikunni með útgáfu á skuldabréfi í Bandaríkjadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þessi fjármögnunarmöguleiki kemur sér vel fyrir okkur því við erum að fara út í nokkuð agressíva vöruþróun," segir Hilmar en CCP vinnur að þróun nýs leiks, The World of Darkness. „Við vonum einnig að þessar aðgerðir Seðlabankans hjálpi til við að losa þrýstinginn af krónunni."

Eve Online fagnaði sex ára afmæli í síðustu viku en þá náði fyrirtækið jafnframt þeim áfanga að áskrifendur eru rúmlega 300 þúsund. Allt stefnir í að þeir verði fleiri en Íslendingar í sumar, að sögn Hilmars.

jse@frettabladid / jonab@markadurinn.is

**Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:**



# Tölvusumarskólinn

# Menntun sem gefur þér forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

### Photoshop ljósmyndavinnsla

Vertu fær við ljósmyndavinnslu og almenna myndvinnslu með vinsælasta forritinu.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 25. maí og 26. ágúst.*

### DreamWeaver vefsíðugerð

Búðu til kraftmiklar vefsíður sem eru í senn nútímalegar í útliti og auðvelt að breyta.

**Lengd**: 27 stnd./18 klukkust. **Verð**: 32.900.

*Nám hefst 15. júní og 17. ágúst.*

### Flash hreyfimyndir fyrir vef

Lærðu að búa til hreyfimyndir og lifandi auglýsingar fyrir vefinn.

**Lengd**: 18 stnd./12 klukkust. **Verð**: 27.900.

*Nám hefst 3. júní og 7. september.*

### Vefsíðugerð grunnur

Búðu til vefsíður með DreamWeaver og Photoshop.

**Lengd**: 54 stnd./36 klukkust. **Verð**: 54.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

### DreamWeaver, Photoshop & Flash

Taktu allt það besta í einum öflugum pakka.

**Lengd**: 72 stnd./48 klukkust. **Verð**: 76.900.

*Nám hefst 25. maí og 17. ágúst.*

### Einkakennsla

Stundum þarftu ekki kennslu nema í stutta stund til þess að læra það sem þú vilt og þá er gott að geta leitað til þeirra sem þekkja hlutina best. Við höfum starfað við kennslu og ráðgjöf í meira en 23 ár þannig að þér er óhætt að koma til okkar og fá einkatíma. Það er ódýrara en þú heldur !

### Verkefnalausnir

Komdu með verkefnin sem þú þarft að leysa til okkar og við aðstoðum þig við lausn þeirra. Við ráðum við mjög flókin verkefni í Excel, Access, Word, PowerPoint, Outlook, OneNote, Publisher, DreamWeaver, FrontPage, Flash Photoshop, FileMaker og öðrum forritum

Komdu þangað sem sérfræðingarnir aðstoða þig við að finna lausn, með bros á vör.

### Sumarskóli 9-14 ára

Bjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í sumar, fyrir hressa krakka.

#### Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. ***Vikunámskeið.***

#### Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídeóvél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. hvort námskeið. Kennt kl.9-12/12:30

**Verð**: Eitt námskeið: 17.900,- Tvö námskeið: 29.900,- (*Afsláttur gildir líka ef vinir eða systkini koma saman á námskeið*).

*Fyrstu námskeiðin hefjast 8. júní. Námskeið í júní og ágúst.* ***BÓKAÐU STRAX!***

### Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Lærðu að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash. ***Vikunámskeið.***

**Lengd**:22 st/15 klst. Kennt kl.13-16:30.

**Verð**: 18.900,- *Námskeið í júní og ágúst*

### Kerfisstjóranám MCITP



Við bjóðum þér fjölbreytt MCIPT og MCTS nám ef þú vilt taka að þér umsjón tölva og neta og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði.

Hægt er að ljúka náminu, sem er skipt í þrjá áfanga, með alþjóðlegum prófgráðum frá Microsoft sem auðvelda þér aðgang að störfum hér á landi og erlendis.

Hægt er að taka einn eða fleiri áfanga í einu. Hver einstakur áfangi er 60 stundir að lengd.

**Lengd**: 180st./120klst. **Verð**: 269.000

*Næstu námskeið hefjast 2. júní og 24. sept.*

Microsoft CERTIFIED Partner

### Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900.

*Nám hefst 11. maí og 13. ágúst.*

### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900

*Næstu námskeið 18. maí og 11. september*

### Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnám í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskerfa til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda.

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

*Næsta námskeið 12. ágúst*

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám í notalegu umhverfi fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækni, Internetið tölvupóstur og stýrikefið Windows.
- Word ritvinnsla og töflureiknirinn Excel.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næstu námskeið hefjast 2. júní og 23. sept.*

### Stutt og hnitmiðað nám

- **Byrjendanám**
  - Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
  - Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
- **Stafræn ljósmyndun og myndbönd**
  - Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
  - Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
  - Photoshop Elements • *13 stundir/18.900*
- **Access**
  - Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
  - Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*
- **Word**
  - Uppsetning ritgerða og skýrslna • *13 st./16.900*
  - Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
  - Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
  - Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./19.900*
  - Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*
- **Excel**
  - Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
  - Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
  - Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
  - Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*
- **PowerPoint**
  - PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
- **Outlook**
  - Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
  - Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*
- **Publisher**
  - Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*
- **Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**
  - DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
  - DreamWeaver og Photoshop • *54 st./54.900*
  - DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
  - Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
  - Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*
- **Verkefna- og tímastjórnun**
  - Almenn verkefnastjórnun • *40 st./69.900*
  - Tímastjórnun með Outlook • *9 st./16.900*

### Almenn verkefnastjórnun

Lærðu grundvallaratriði almennrar verkefnastjórnunar með því að beita alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði við að undirbúa verkefni, áætla þau og stjórna þeim svo árangur náist.

**Lengd**: 40 stundir/24 klst. **Verð**: 69.900

*Næsta námskeið hefst 1. júní*

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Ef þú hefur komið áður færðu **10% afslátt**

### Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

### Alþjóðleg þekkingarpróf

*Í samvinnu við **Pearson Vue, ECDL** og **Prometric** bjóðum við mikið úrval alþjóðlegra þekkingarprófa á mörgum sviðum.*

*Taktu próf og fáðu alþjóðlega viðurkenningu!*

Námskeið | Ráðgjöf | Verkefnastjórnun | Verkefnalausnir | Þekkingarpróf | Handbækur

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegur 16 • 108 Reykjavík

520 9000 | tv@tv.is | www.tv.is

*Viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Von um ný vinnubrögð:

# Út fyrir átakarammann

JÓN KALDAL SKRIFAR

Sú leið ríkisstjórnarflokkanna að leggja aðildarumsókn að Evrópusambandinu í dóm Alþingis er eindregið fagnaðarefni. Að minnsta kosti þrjá góðar ástæður eru að baki því mati.

Í fyrsta lagi er aðildarumsókn að Evrópusambandinu miklu stærra og merkilegra mál en að það verði gert að hefðbundnu reipitogi milli meirihluta og minnihluta.

Umsóknin á að vera viðfangsefni allra stjórnmálaflokka. Það liggur klárt fyrir að afstaðan til aðildarviðræðna fer ekki nema að hluta til eftir flokkslitum. Hún er þverpólitísk. Það er því brýn ástæða til að knýja fram álit gjörvalls þingheims.

Í öðru lagi eiga stuðningsmenn aðildarumsóknar að gleðjast sérstaklega yfir þessari útfærslu. Það er málstaðnum í hag að umsóknin verði ekki eitt af verkefnum ríkisstjórnarinnar heldur allra stuðningsmanna á Alþingi.

Ríkisstjórnin mun á næstu misserum þurfa að takast á við erfiðar aðgerðir, sem eru ekki líklegar til vinsælda. Það er alþekkt að óvinsældir stjórnvalda geta smitast yfir á bestu mál. Með því að skapa fjarlægð á milli ríkisstjórnarinnar og aðildarviðræðnanna er búið að minnka líkurnar á að Evrópumálin lendi í þeirri sótthættu.

Í þriðja lagi, og kannski því mikilvægasta ef maður leyfir sér bláeyga bjartsýni, getur afgreiðsla málsins verið fyrsta skrefið í átt til nýrra vinnubragða á okkar ágæta Alþingi. Það er að segja ef vel tekst til.

Þessi leið, að leggja málið í fang þingsins, er sem sagt athyglisverð vegna þess að í henni felst tækifæri fyrir flokkana til að hugsa út fyrir hefðbundinn ramma átakastjórnmálanna. Þetta er mál sem annar ríkisstjórnarflokkanna þarf að semja um við stjórnarandstöðuna. Og það þýðir að stjórnarandstaðan þarf að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Það er gott.

Pólitíkin á líka að vera list málamiðlana og samstöðu. Ekki aðeins stöðug átök og yfirgangur meirihlutavaldsins. Við sjáum hvert sá stjórnunarstíll hefur skilað okkur.

Fyrstu viðbrögð formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í síðustu viku við þeim tíðindum að leitað yrði til stjórnarandstöðuflokkanna með aðildarumsóknina vöktu nokkra sorg í huga. Í stað þess að fagna fréttunum og segja: gott og vel, ef það á að leita til okkar með þetta mál hlýtur að felast í því vísbending um aukið samráð almennt. Það er ekki aðeins hægt að láta okkur taka þátt í að leysa erfiðu málin í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna, við hljótum að fá að koma að öðrum líka.

Að sjálfsögðu stendur það fyrst og síðast upp á nýja ríkisstjórn að innleiða slíkt bætt vinnulag. Meirihlutinn hefur valdið og ræður hversu miklu af því hann deilir með minnihlutanum.

Ef meirihlutanum lukkast það vel, geta verið breyttir og betri tímar fram undan í íslensku stjórnmálalífi og þar með á landinu öllu. Við þurfum á því að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



15% afsláttur
af Voltaren Gel 100g

Voltaren®
*Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg*

Verkjastillandi og bólgueyðandi í túpu!

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem stað-bundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki núna, nei

Nú hefur komið í ljós að Björgvin G. Sigurðsson skrifaði Jóhönnu bréf þegar hún var að velta vöngum yfir ráðherraefnum sínum. Óskaði hann þess að vera ekki valinn í ráðherraliðið, að minnsta kosti ekki strax. „Ég sækist ekki eftir ráðherraembætti fyrr en síðar eða þegar kominn er botn í umræðu og uppgjör um fjármálakreppuna“ á hann að hafa ritað. Þetta er vel skiljanlegt, sá sem hefur prófað að vera viðskiptaráðherra í þessu hruni þyrfti örugglega að vera létt geggjaður til að setjast aftur í ráðherrastól á meðan fjármálafárviðrið er að ganga yfir.



### Eldfimt ástand í Árborg

En aðrar stjórnir eiga einnig við óreiðu að etja. Stjórn Brunavarna Árborgar og slökkviliðsstjóri þar eiga í útistöðum við slökkviliðsmenn sem einnig segja að sveitarstjórnarmenn reyni að verja „sinn mann“ í starfi sem í raun sé óhæfur til starfans. Spaugsamir menn á Selfossi eru örugglega farnir að gantast með að þetta hljóti að vera eldfimt ástand.



### Ísland-Palestína

Tilkynnt var um nýju ríkisstjórnina í Norræna húsinu sem mörgum þykir eflaust vel við hæfi enda á þetta að vera stjórn í anda norrænnar velferðar. En það er ekki aðeins verið að huga að nágrönnum vorum í þessum stjórnarsáttmála. Þar segir einnig: „Áhersla verði lögð á að byggja upp pólitísk tengsl við heimastjórn Palestínu og að Íslendingar styðji sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstætt ríki þeirra og styðji áfram Friðarráð palestínskra og ísraelskra kvenna.“ Margir hljóta að fagna því að hin sósíalíska taug nái lengra en til frænda okkar sem lifa í vellystingum á Norðurlöndunum.

jse@frettabladid.is

# Hljóður hugur



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Máttur andans

Í yfirstandandi hremmingum og úrræðaleysi hefur verið sístreymi í fjölmiðlum af sérfræðingum, innlendum og erlendum, sem hafa skilgreint ástandið á Íslandi og bent á lausnir. Menntun, reynsla og orðspor þessara manna vekur virðingu og vonir um að þeir færi okkur skýrar línur og viðráðanlegan vegvísi á leiðinni fram undan. Sumir eru svo traustvekjandi og vel máli farnir að óvenjulegt hlýtur að teljast. Að minnsta kosti hér á landi. Vandinn er sá að þeim ber ekki saman. Við það verða hlutirnir enn flóknari.

Í byrjun maí kom hingað til lands heimsfrægur listamaður með góð ráð í farteskinu. Þau lúta ekki að efnahagskreppunni eða Evrópusambandinu, heldur manneskjunni. Okkur sjálfum. Kvikmyndaleikstjórinn David Lynch kom sem sagt til að kynna okkur mátt innhverfrar íhugunar. Með henni myndi íslenska þjóðin geta öðlast heilbrigði, sköpunarmátt, velmegun og frið, og upplifa framfarir sem erfitt væri fyrir hana að ímynda sér í dag. Í tilkynningu kom fram að innhverf íhugun væri einföld og auðlærð tækni sem miðaði að því að þroska andlegt og líkamlegt atgervi til fullnustu. Tæknina iðkuðu menn í 20 mínútur tvisvar á dag, sitjandi á stól, og með lokuð augun.

Þjóðin tók þessu tilboði fagnandi, troðfyllti sal og ganga Háskólabíós, og David Lynch kom, sá og sigraði í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum. Frægð hans hafði auðvitað aðdráttarafl, en maðurinn sjálfur virtist einkar viðfelldinn, sannfærandi og blátt áfram. Þetta var góð heimsókn og tilboð Davids Lynch getur breytt lífinu og lífi þeirra sem taka því. Það vita þeir sem hafa náð tökum á kyrrð í anda og efni.

Hugræn tækni er að því leyti eins og trúarbrögð og stjórnmálaflokkar, að einstaklingar og þjóðir nálgast sama fjall frá mismunandi hliðum, en eru allir með augun á sama tindinum. Þegar ég kynntist Sigvalda Hjálmarssyni varð ég margs vísari. Sigvaldi var afar merkur maður. Við sátum hvort á móti öðru í Blaðaprenti á sínum tíma við prófarkalestur á Vísi og urðum ævivinir. Hann átti langan og farsælan blaðamennsku- og ritstjórnarferil, var forseti Íslandsdeildar Guðspekifélagsins og í stjórn Evrópusambands þess. Eftir hann liggja níu bækur. Titill einnar þeirra, Haf í dropa, segir meira en mörg orð.

Sigvaldi rak hugleiðsluskóla á heimili sínu, þar sem hann kenndi hvernig ætti að kyrra líkamann og síðan hugann. Markmiðið var hljóður hugur. Skömmu áður en hann féll frá hlustaði ég á hann flytja fyrirlestur í húsi Guðspekifélagsins, og uppgötvaði allt í einu að ég hafði af einhverjum ástæðum aldrei séð hann sjálfan í ræðustól. Það var ógleymanlegt. Hann talaði blaðalaust og varð allt í einu magnað en kyrrlátt máttarvald. Ræðan beinskeytt og innihaldsrík. Þegar ég hitti hann á eftir, sagðist ég alls ekki hafa gert mér grein fyrir hver hann væri fyrr en hann stóð þarna í ræðustólnum. Ef hann byggi í Bandaríkjunum, væri hann með hundruð þúsunda fylgismanna í kringum sig.

„Þá byggi ég ekki í Bandaríkjunum,“ sagði Sigvaldi brosandi.

Ég man ekki hvaða ár það var sem ég las opnuviðtal við Véstein Lúðvíksson rithöfund í Þjóðviljanum. Fyrirsögnin var „Frá sósíalisma til zen“ og blaðamaðurinn hét Ósvar Skarphéðinsson, ef mig misminnir ekki. Þetta var flott viðtal og skömmu síðan var Vésteinn beðinn um að flytja erindi hjá Guðspekifélaginu. Hann stóð ekki í ræðustólnum, heldur sat á stól fyrir framan hann, talaði blaðalaust og skipulega og hreyfði hvorki legg né lið. Áðeins orðin höfðu líf. Hann var beðinn um að halda námskeið um zen-iðkun og gerði það. Upp úr þessu varð smám saman til hópur zen-iðkenda, sem síðar stofnuðu eigið félag, sem nú er orðið talsvert öflugt. Leiðbeinandi þeirra, Jakuho Kwong-roshi, kemur á hverju ári til Íslands til að leiðbeina zen-félögum; roshi, merkir viðurkenndur zen-meistari.

Í Lótushúsinu í Kópavogi er kennd Raja Yoga-hugleiðsla. Þetta er íslensk miðstöð Brama Kumaris World Spiritual University. Henni er stýrt af tveimur listamönnum, Sigrúnu Olsen og Þórði Barðdal. Brama Kumaris-miðstöðvar eru víða um heim og njóta virðingar. Stjórnendur eru alls staðar konur.

Margir fleiri kenna það sem kölluð er innhverf íhugun hér á Íslandi. Heimsókn David Lynch hlýtur að vekja athygli á þeim möguleikum sem Íslendingum um allt land stendur til boða, sækist þeir eftir hljóðum huga.

# Stuðningsumhverfi nýsköpunar

UMRÆÐAN

Arnheiður Elísa Ingjaldsdóttir skrifar um nýsköpun



ARNHEIÐUR ELÍSA INGJALDSDÓTTIR

Nú, meira en nokkurn tímann, þarf að styðja við fyrirtæki og frumkvöðla til að standa vörð um atvinnuskópun. Fyrsta evrópska fyrirtækjavikan, European SME Week, verður haldin um alla Evrópu dagana 6.-14. maí, en skipulagðir hafa verið yfir þúsund viðburðir víðs vegar um álfuna til að aðstoða og hvetja fyrirtæki og frumkvöðla. Hápunktur vikunnar á Íslandi verður sameiginleg kynning á þjónustu stuðningsumhverfis nýsköpunar á Grand hóteli hinn 12. maí.

Markmið viðburðanna er að stuðla að frumkvöðlastarfsemi í Evrópu með því að upplýsa fyrirtæki og frumkvöðla um þann stuðning sem í boði er. SME Week er skipulögð af Evrópusambandinu en sjálfir viðburðirnir eru skipulagðir af innlendum fyrirtækjum, stofnunum, yfirvöldum og öðrum úr stuðningsumhverfi fyrirtækja til að gera þá þjónustu sem í boði er enn sýnilegri.

Helstu áherslur vikunnar eru:

**Upplýsingar**: Að veita upplýsingar um hvaða þjónustu stuðningsumhverfið á Íslandi og innan ESB býður fyrirtækjum.

**Hvatning**: Að hvetja fyrirtæki til að víkka sjóndeildarhringinn og þróa og rækta viðskipti sín sem og hvetja unga frumkvöðla til að þróa hugmyndir sínar.

**Miðlun**: Að stuðla að umhverfi þar sem fyrirtæki og frumkvöðlar geta skipst á hugmyndum og reynslusögum.

Á Íslandi eru skipulagðir margvíslegir viðburðir í vikunni. Í Nýsköpunarmiðstöð Íslands fer t.d. fram útskrift og verðlaunaafhending á frumkvöðlanámskeiði fyrir konur en nefnist Brautargengi og opnað verður nýtt frumkvöðlasetur í Hafnarfirði. Útflutningsráð Íslands heldur námskeið um hvernig beri að haga útboðsgerð í opinberum útboðum í Evrópu. Rannís heldur kynningu á styrkjum til rannsóknarsamstarfs fyrirtækja og rannsóknarstofnana sem og öðrum rannsóknarstyrkjum. Hápunkturinn verður svo sameiginleg kynning, á Grand Hóteli þann 12. maí, á þeirri þjónustu sem frumkvöðlar og sprotafyrirtæki á Íslandi geta nýtt sér. Þar munu Nýsköpunarmiðstöð, Rannís, Samtök iðnaðarins og Útflutningsráð kynna sína þjónustu ásamt Byggðastofnun, Ferðamálastofu, Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, Kauphöllinni og fleirum. Þetta er í fyrsta skipti sem haldin verður svo heildstæð kynning á stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi og standa vonir til að þetta geti orðið árlegur viðburður.

*Höfundur er verkefnastjóri Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



†

*Ástkær eiginkona mín,móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorbirna Jakobsdóttir**
Gránufélagsgötu 22, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 2. maí, útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Marteinn Tryggvi Sigurólason**
**Siguróli R. Marteinsson** **Sigfríð Friðbergsdóttir**
**Marteinn Tryggvi Sigurólason**
**Björgvin Þór Sigurólason** **Anna Kristín Sigursteinsdóttir**
**Eyþór Árni Sigurólason** **Alda Ósk Hauksdóttir**
**og barnabarnabarn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kári Þórir Kárason**
múrarameistari, Presthúsum, Vestmannaeyjum, síðast til heimilis í Hlíðarhúsum 1-3,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni sunnudagsins 10. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 15. maí kl. 15.00.

**Anna J. Eiríksdóttir**
**Þórunn Káradóttir Hvasshovd** **Stein Hvasshovd**
**Aðalsteinn F. Kárason**
**Bergþór N. Kárason** **Guðríður Jónsdóttir**
**Berglind A. Káradóttir** **Sigurður H. Árnason**
**Ragnheiður S. Káradóttir** **Pálmi Þ. Ívarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Maðurinn minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Níels Þórarinsson**
Klettahrauni 6, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi Hafnarfirði, hinn 6. maí 2009. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 14. maí 2009 kl. 15.00.

**Anna Erlendsdóttir**
**Steina B. Níelsdóttir** **Gunnar Níelsson**
**Hafdís Erla Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir**
**Víglundur Þorsteinsson** **Svava Theodórsdóttir**
**Lovísa María.**

---



†

*Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs S. Rafnar**
fyrrv. borgarfógeta og formanns Blindrafélagsins.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir að annast hann af alúð og hlýju síðustu æviárin.

**Þorbjörg J. Rafnar**
**Ásthildur S. Rafnar** **Þorsteinn Ólafsson**
**Jónína Þ. Rafnar** **Guðmundur Þorgrímsson**
**Andrea Þ. Rafnar** **Einar Þór Þórhallsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

**KATHERINE HEPBURN (1907-2003) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Ef þú vilt fórna aðdáun margra manna fyrir gagnrýni eins manns, gerðu svo vel, giftu þig.“*

***Leikkonan Katherine Hepburn var tólf sinnum tilnefnd til Óskarsverðlauna og hlaut þau í fjögur skipti.***



**ÞETTA GERÐIST** 12. MAÍ 1937

## *Georg VI. krýndur*

Á þessum degi árið 1937 voru Georg VI. og eiginkona hans Elísabet krýnd konungur og drottning Bretlands. Krýningarathöfnin fór fram í Westminister Abbey í Lundúnum.



**GEORG VI**

Georg var næstelsti sonur Georgs V. konungs en eldri bróðir hans, Játvarður VIII., afsalaði sér konungstigninni 11. desember árið 1936. Það gerði hann vegna mikillar gagnrýni á samband hans við hina fráskildu bandarísku konu, Wallis Warfield Simpson, en Játvarður hugðist giftast henni.

Georg VI. veiktist árið 1949. Þrátt fyrir veikindi sín hélt hann áfram að sinna skyldum sínum til dauðadags árið 1952. Dóttir hans, Elísabet, var krýnd drottning í júní árið 1953.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÚTVARPSÞÁTTURINN LEYNIFÉLAGIÐ: HLÝTUR VORVINDA

# Velkomin á fund í Leynilundi

Það marrar í gólfi, ískrar í hjörum og lag Bleika pardussins hljómar í bakgrunni. „Hvert er leyniorðið?“ er hvíslað dularfullri röddu. Þannig hefst barnaþátturinn Leynifélagið á Rás 1 sem er á dagskrá alla virka daga nema fimmtudaga klukkan 20.

Í Leynifélaginu ráða ríkjum þær Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir og hafa þær stýrt fundum í félaginu í tæp tvö ár við góðan orðstír. Félagið Börn og bækur - Íslandsdeild IBBY hefur enda ákveðið að veita þeim viðurkenninguna Vorvinda 2009 fyrir framlag þeirra til barnamenningar á Íslandi. Þau verðlaun hafa verið veitt árlega frá árinu 1987.

„Hugmyndin að Leynifélaginu vaknaði með mér þegar ég fór á sýningu á leikritinu Abbababb en þar gengur allt út á leynifélög,“ útskýrir Brynhildur. Markhópur þáttarins eru börn á aldrinum sex til tíu ára. „Við vitum þó um krakka frá fjögurra ára til hundrað ára sem hlusta á okkur,“ bætir hún við hlæjandi.

Kristín Eva útskýrir hvað gerist í Leynifélaginu: „Við höldum fundi í Leynilundi, félagsheimili Leynifélagsins, fjórum sinnum í viku og segjum frá ýmsu sem krökkum þykir áhugavert. Við fléttum þarna hefðbundið þáttaform útvarpsins saman við ímyndaðan heim.“ Þess má geta að allir sem hlusta á Leynifélagið eru sjálfkrafa meðlimir. „En við mælum með að fullorðnir hlusti í fylgd með börnum,“ segir Brynhildur glettin.



**Í LEYNILUNDI** Þær Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir stjórna þættinum Leynifélaginu á Rás 1 og hafa hlotið viðurkenninguna Vorvinda fyrir framlag til barnamenningar. Aðrir vinningshafar eru Jónína Leósdóttir og Halldór Á. Elvarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í Leynifélaginu reyna þær Brynhildur og Kristín Eva að fjalla um sitt lítið af hverju því sem krakkar aðhafast, auk þess sem þær hafa nokkra unga fréttaritara á sínum snærum sem taka fyrir þær viðtöl. Þær telja enda mikilvægt að raddir barna heyrist í útvarpi. Um tvisvar í viku eru þær svo með fróðleiksþætti um allt milli himins og jarðar enda viðurkenna þær að hafa sjálfar verið hálfgerðir nördar á yngri árum. „Við vitum til þess að þessir þættir hafa verið notaðir í kennslu,“ upplýsir Brynhildur.

En hlusta börn á útvarp í dag? „Já, við viljum meina það, enda hafa börn alltaf haft gaman af því að hlusta á sögur,“ segir Kristín Eva og telur að það höfði allt öðruvísi til ímyndunaraflsins að hlusta en að horfa á sjónvarp eða tölvuleiki. „Þegar fólk hlustar býr það sjálft til sínar eigin myndir í huganum,“ segir Kristín Eva en Leynifélagið fær fjölda bréfa og sögur frá ánægðum börnum alls staðar að af landinu.

„Áskorunin er auðvitað að fá krakka að útvarpinu,“ segir Brynhildur. Hluti af því er einnig að höfða til foreldranna enda eru það yfirleitt þær sem kveikja á útvarpinu fyrir börnin.

Leynifélagið er á dagskrá á svipuðum tíma og mörg börn eru að tygja sig í háttinn. Þær Brynhildur og Kristín Eva hafa það í huga. „Við reynum að vera skemmtilegar og fræðandi en gera það á rólegan og vandaðan hátt. Auðvitað erum við stundum með fíflalæti en við reynum að gæta jafnvægis enda liggja mörg barnanna og hlusta áður en þau fara að sofa,“ segir Kristín Eva og minnir á að hægt sé að hlaða þáttunum niður á www.ruv.is til að hlusta síðar eða hlaða þeim inn á iPod fyrir börnin til að hlusta á, til dæmis í löngum bílferðum.

Þær eru inntar eftir því hvaða þýðingu viðurkenningin Vorvindar hafi fyrir þær. „Þetta er staðfesting á því að við séum á réttri leið,“ segir Kristín Eva og Brynhildur bætir við: „Það veitir okkur einnig heilmikið aðhald að vita að fólk sem hefur áhuga á barnamenningu hlustar á okkur og þá leyfum við okkur ekki að slaka á og slá af kröfunum.“

Þær stöllur eru sérlega áhugasamar um starf sitt og leggja mikinn metnað í að vanda til verka enda hafa þær fyrsta flokks hlustendur að eigin mati. „Þetta er alveg hrikalega skemmtilega vinna,“ segir Kristín Eva. „Já, skemmtilegasta vinna sem við höfum verið í,“ bætir Brynhildur við. Og með þeim orðum eru þær roknar í Leynilund að halda næsta fund.

**solveig@frettabladid.is**

---



†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Helgi H. Árnason**
verkfræðingur, Laugarásvegi 63,

lést fimmtudaginn 7. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 18. maí kl. 15.00.

**Bryndís Þorsteinsdóttir**
**Dagný Helgadóttir** **Gunnar H. Egilsson**
**Árni Helgason** **Rósa G. Jónsdóttir**
**Guðrún Helgadóttir** **Atli Rúnar Halldórsson**
**Þorsteinn Helgason** **Jónína Á. Steingrímsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Finnbogason**
frá Harðbak,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Húsavík hinn 9. maí. Jarðarförin fer fram frá Raufarhafnarkirkju, laugardaginn 16. maí nk. kl. 14.00.

**Hólmfríður Friðgeirsdóttir**
**Vilmundur Þór Jónasson**
**Valgeir Jónasson** **Kristín Böðvarsdóttir**
**Gunnar Finnbogi Jónasson** **Þórhildur Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hallgrímur H. Einarsson**
Barðavogi 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 10. maí 2009. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristbjörg Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Hallgrímsson** **Inga Kolbrún Hjartardóttir**
**Sigríður Rut Hallgrímsdóttir** **Páll Arnórsson**
**Anna Sigurlín Hallgrímsdóttir**
**afabörn og langafabarn.**

**HJÁLPARVAKT TANNLÆKNA** mælist vel fyrir hjá barnafjölskyldum landsins. Síðasta laugardag fengu yfir 60 börn ókeypis tannlæknaþjónustu. Þjónustan verður næst í boði laugardaginn 23. maí. Lokað verður yfir sumarið.





Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447






Fjölskyldan æfir oft í viku og hafa drengirnir sópað til sín verðlaunum í gegnum árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Svarta beltið á línuna

**Fyrir sex árum byrjaði fjölskylda ein í Grafarvogi að æfa karate og nú eru fjórir af fimm fjölskyldumeðlimum með svarta beltið. Hér áður fyrr þótti húsmóðurinni það afar fjarstæðukennd hugmynd.**

Í Grafarvoginum býr einhver hættulegasta fjölskylda landsins en á heimilinu eru fjórir af fimm fjölskyldumeðlimum með svarta beltið í karate. Þetta eru þau Valborg Guðjónsdóttir, Willem Verheul, Snæbjörn og Magnús Valur. Þótt ótrúlegt megi virðast þá eru ekki nema sex ár síðan fjölskyldan byrjaði að æfa.

„Synir okkar tveir, sem í dag eru tólf og fimmtán ára, byrjuðu að æfa með Fjölni og fylgdumst við foreldrarnir með. Þeir fóru svo fljótlega að vinna til verðlauna og smituðu okkur hjónin sem byrjuðum skömmu síðar. Willem, eiginmaðurinn minn, varð svo formaður karatedeildarinnar og nú erum við bæði í stjórn auk þess sem hann bæði þjálfar og dæmir,“ svarar Valborg innt eftir því hvernig það kom til að fjölskyldan fór að æfa. „Líf okkar tók þarna óvænta stefnu og hefði ég frekar átt von á því að verða send út í geim með geimskutlu en að taka svarta beltið í karate,“ bætir hún við og hlær.

Hún segir marga öfunda fjölskylduna af því að eiga þetta sameiginlega áhugamál. „Þetta er líka svakalega góð íþrótt sem reynir á allan líkamann. Í kata, sem er ímyndaður bardagi, þarf að spenna alla vöðva á tiltekinn hátt ásamt því að beita réttri öndun og eru margir blautir af svita á eftir. Í kumite, þar sem tekist er á við andstæðing, þarf að búa yfir mikilli tækni og kunna bæði að sækja og verja. Þá er þetta ódýrt sport sem krefst lágmarks búnaðar. Það eina sem þarf eru tærnar, galli og belti sem skiptir litum eftir því hvernig gengur.“

Þótt allir fjölskyldumeðlimirnir, fyrir utan frumburðinn sem hefur lagt stund á ballett, státi af svarta beltinu þá stafar lítil ógn af þeim dags daglega enda mikil áhersla lögð á að þeir sem æfi karate noti aldrei kunnáttuna nema undir viðurkenndum kringumstæðum. „Það er alltaf leiðinlegt fyrir karatedeildirnar að heyra af því að fólk noti karatespörk niðri í bæ enda er þung áhersla lögð á það að þeir sem æfi beri virðingu fyrir íþróttinni.“ Valborg segist verða vör við að marga foreldra barna sem æfa langi sjálfa að prófa og býður Fjölnir upp á námskeið fyrir sextán ára og eldri í haust.

*vera@frettabladid.is*












**SÁRAMIÐSTÖÐ** hefur verið opnuð á Landspítala Fossvogi. Miðstöðin er ætluð til greiningar og ráðgjafar við meðferð langvinnra sára. Þekkingu á sárgræðslu hefur fleygt fram á síðustu árum. Markviss sárameðferð sem byggist á réttri greiningu flýtir bata, dregur úr kostnaði og getur aukið lífsgæði fólks.



# Nýr Heilsumeistaraskóli

**Heilsumeistaraskólinn var upphaflega stofnaður fyrir tveimur árum en hefur nú gengið í endurnýjun lífdaga. Lilja Oddsdóttir skólastjóri segir námið byggjast á náttúrulækningum á þremur sviðum.**



Lilja Oddsdóttir, skólastjóri Heilsumeistaraskólans, verður með kynningu á námi skólans 28. maí næstkomandi í World Class í Laugum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heilsumeistaraskólinn er frekar nýr af nálinni á Íslandi. „Upphaflega var skólinn stofnaður fyrir tveimur árum í samstarfi við bandaríska skólann School of Natural Medicine en gekk í vetur í endurnýjun lífdaga,“ segir Lilja Oddsdóttir, lithimnufræðingur og skólastjóri Heilsumeistaraskólans. „Við vorum með mikla samninga í erlendri mynt sem kollsteyptu okkur og upp úr því stofnuðum við íslenskan skóla þannig að Heilsumeistaraskólinn er nú nánast alveg nýr þó svo meginramminn og innihald námsins sé sambærilegt.“

**Keflvíkingar telja sig hafa endanlega mokað yfir vonbrigði síðasta sumars með því að leggja Íslandsmeistara FH, 1-0, í Keflavík. FH lék manni færri í 70 mínútur eftir að Davíð Þór Viðarsson fékk rautt spjald.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar fögnuðu vel og innilega sigri á FH í gær. Sigri sem augljóslega skipti þá meira máli en þrjú stig. Þeir byrja því mótið vel en voru aldrei með öruggan sigur í höndunum gegn tíu FH-ingum.

Aðstæður á Sparisjóðsvellinum í gær voru ekkert til þess að hrópa húrra fyrir. Rok og rigning. Völlurinn afar þungur þess utan eftir rigningu dagsins. Liðunum gekk þrátt fyrir það merkilega vel að spila þokkalegan fótbolta á köflum.

FH-ingar stýrðu ferðinni úti á velli en Keflvíkingar freistuðu þess að nýta hraða framherja sinna með stungusendingum á Hauk Inga og Magnús Sverri. Haukur Ingi var sérstaklega sprækur framan af.

Vendipunktur leiksins varð á 20. mínútu þegar Davíð Þór, fyrirliði FH, togaði Hauk Inga niður sem var að sleppa í gegn eftir magnaða stungusendingu Jóhanns B. Guðmundssonar. Davíð var aftasti maður og Kristinn Jakobsson dómari gat lítið annað gert en sent Davíð Þór í snemmbúna sturtu.

Nokkuð lá á FH eftir rauða spjaldið en Keflavík tókst þó ekki að skapa sér afgerandi færi. Atli Guðnason fékk aftur á móti fínt



**SIGURMARKIÐ** Hólmar Örn Rúnarsson skorar hér sigurmarkið. MYND/VÍKURFRÉTTIR



**1-0 FYRIR KEFLAVÍK** Leikmenn Keflavíkur fagna hér sigurmarki sínu, á móti Íslandsmeisturum FH, ásamt stuðningsmönnum sínum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

færi hinum megin, náði góðu skoti en Lasse Jörgensen varði vel í horn. Lítið gerðist eftir það og markalaust þegar liðin fóru að fá sér te í kuldanum.

Síðari hálfleikur fór ákaflega rólega af stað. FH-ingar sterkari ef eitthvað var. Það voru nákvæmlega engin teikn á lofti að eitthvað væri að fara að gerast þegar Hólmar Örn kom Keflvíkingum yfir með laglegu skoti eftir að hafa tekið frákast við vítateiginn. Smekklega gert hjá Hólmari.

Tíu FH-ingar börðust grimmilega í slagveðrinu en sóknir þeirru voru ómarkvissar og bitlausar. Það var einna helst Atli Guðnason sem lét eitthvað að sér kveða. Keflvíkingar fengu tvö dauðafæri í hálfleiknum en Daði varði laglega í bæði skiptin.

Aðeins eins marks forysta var alltaf hættuleg en FH-ingar nýttu föstu leikatriðin sín illa og sköpuðu lítið. Keflvíkingar fögnuðu ógurlega í leikslok og ljóst að sigurinn skipti þá miklu máli enda fór allt til fjandans síðast þegar þeir spiluðu á heimavelli sínum.

„Þetta skipti okkur svo sannarlega gríðarlegu máli og það er afar sætt að vinna Íslandsmeistarana í fyrsta leik. Þetta var það síðasta sem við þurftum til þess að loka á tímabilið í fyrra,“ sagði brosmildur þjálfari Keflavíkur, Kristján Guðmundsson.

„Mér fannst FH-ingarnir samt standa sig frábærlega þó svo þeir hafi verið einum leikmanni færri. Eins gott og það var að vinna þá hefði verið mjög vont að klára ekki leik þar sem við erum manni fleiri í 70 mínútur. Við fengum ekki alveg eins mörg færi og skot á markið og við vildum enda gerðu strákarnir ekki alveg það sem fyrir þá var lagt í teignum. Við munum fara yfir það.“

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var merkilega léttur eftir tapið og augljóslega langt frá því að vera að fara á taugum þrátt fyrir tap í fyrsta leik.

„Það er auðvitað alltaf svekkjandi að tapa og sérstaklega þar sem við náðum að halda þessu markalausu fram að leikhléi og svo var lítið að gerast þegar við gefum þeim þetta mark. Við reyndum samt og við hefðum kannski getað jafnað með smá meiri einbeitingu,“ sagði Heimir en hvað fannst honum um rauða spjaldið?

„Þetta var klárlega brot hjá Davíð en ég sá ekki þar sem ég stóð hvort það var einhver fyrir innan sem hefði getað stoppað þetta. Kristinn er samt okkar besti dómari og hann virtist viss í sinni sök í þessari stóru ákvörðun. Ég hef ekki séð þetta aftur og ætla því ekki að gagnrýna dóminn,“ sagði Heimir. henry@frettabladid.is



Í Markaðnum á morgun

HVERT STEFNIR VERÐBÓLGAN?

BANDARÍSKI FORSTJÓRINN OG ÍSLENSKA VATNIÐ.

RÝNT Í NETAUGLÝSINGAR.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

Ágúst Björgvinsson þjálfar bæði karla- og kvennalið Hamars næsta vetur:

# Mikið af efnilegum leikmönnum

**KÖRFUBOLTI** Ágúst Björgvinsson skrifaði í gær undir samning við Hamar um að þjálfa bæði meistaraflokksliðs félagsins í Iceland Express-deildinni næsta vetur. Ágúst mun auk þess vera yfirþjálfari yngri flokka félagsins.

„Þetta er búið að vera frekar löng biðstaða hjá mér enda kláraðist tímabilið 13. mars. Ég er búinn að vera í viðræðum og það er ánægjulegt að vera búinn að klára þetta. Það var ekki búið að loka því algjörlega að ég yrði áfram með Hamar en ég var viðræðum við önnur lið. Það varð síðan ofan á að ég myndi halda áfram með Hamarsliðið,” sagði Ágúst.

„Ég er rosalega spenntur fyrir því verkefni að fara að þjálfa tvö úrvalsdeildarlið. Ég hef sinnt því einu sinni áður þegar ég þjálfaði bæði karla- og kvennaliðið hjá Haukum 2006,“ sagði Ágúst.

Ágúst Björgvinsson stýrði Hamarsliðinu til sigurs í 1. deild karla og undir hans stjórn unnu Haukakonur níu titla á árunum 2005 til 2007 þar af alla fimm titlana í boði tímabilið 2006-2007.



Karlalið Hamars er komið aftur upp í úrvalsdeild eftir eins árs fjarveru. „Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að vera raunsæir. Það er mjög mikið af efnilegum strákum í liðinu og ég vil reyna að byggja þá upp,“ segir Ágúst og bætir við. „Við ætlum að halda áfram að byggja upp gott lið í Hveragerði og aðalmarkmiðið er að reyna að festa liðið aftur í sessi í úrvalsdeild ásamt því að byggja upp þessa ungu og efnilegu stráka,” segir Ágúst.

Kvennalið Hamars náði sínum besta árangri í sögunni á síðasta tímabili. „Það var frábært hjá stelpunum að komast í úrslitakeppni í fyrsta skiptið. Þær spiluðu á móti verðandi Íslandsmeisturum og veittu þeim mikla samkeppni. Það eru mjög spennandi tímar hjá kvennaliðinu og það er hægt að gera mjög margt með þetta lið,” segir Ágúst en hann verður einnig þjálfari drengjaflokks sem og yfirþjálfari félagsins. -óój

WWW.BIFROST.IS

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Evrópa í kastljósinu




## Meistaranám í Evrópufræðum

Í meistaranámi í Evrópufræðum er nálgunum stjórnmálafræði, sagnfræði, hagfræði og lögfræði fléttað saman í eina þverfaglega heild. Námið veitir einstaka innsýn í Evrópusamrunann og hentar þeim sem vilja starfa á alþjóðvettvangi eða að tengslum Íslands við önnur lönd. Það er blanda af staðnámi og fjarnámi. Nemendur fara í námsferð til Brussel og hafa möguleika á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla.

Evrópufræðin á Bifröst hafa hlotið margvíslegar alþjóðlegar viðurkenningar. Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst er til að mynda eini íslenski þátttakandinn í SENT - samstarfsneti Evrópufræða í álfunni.

**FRUMGREINADEILD:**
- Staðnám
- Fjarnám

**SÍMENNTUN:**
- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

**LAGADEILD:**
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LLM í evrópskum viðskipta- og félagarétti

**FÉLAGSVÍSINDADEILD:**
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

**VIÐSKIPTADEILD:**
- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

**ANNAÐ:**
- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

ENNEMM / SIA / NM37961

## > Jessica Alba

„Mér finnst ekkert gaman að vera hálfber fyrir framan myndavélarnar og sem betur fer hafa menn tekið eftir því að það er ekki það eina sem ég get gert.“

***Alba fer með aðalhlutverkið í myndinni Into the Blue sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HRÍFST AF RÓKOSTI OG HEIMARÆKT

# *Oliver einfaldar lífið*

Um helgina var haldinn fyrirlestur um hina svokölluðu „Slow Food“ matarstefnu í Norræna húsinu. Stefna sú er einstaklega heiðarlegt og fallegt fyrirbæri og var sett á fót til höfuðs skyndibitamenningunni, til verndar staðbundnum matreiðsluvenjum og með umhverfisverndarsjónarmið að markmiði. Sumsé, burt með aukaefni, draslmat, hormóna, transfitusýrur og inn með lífræna heimaræktun og rétti búna til úr hráefnunum sem finnast í þínu næsta nágrenni. Því miður missti ég af fyrirlestrinum þar sem ég var sjálf stödd uppi í sumarbústað á Þingvöllum. Þar horfði ég í fyrsta sinn nýjum augum á vannýttan grænmetisgarðinn og hvítu rjúpuna sem korraði makindalega í garðinum. Sá fyrir mér fjöll af heimaræktuðu klettasalati og ljúffenga villibráð á grillið. Slow Food, eða



rókostur eins og hann heitir víst á íslensku, er nokkurn veginn það sem hinn geðþekki breski sjónvarpskokkur Jamie Oliver er að elda í nýjustu þáttaröðinni sinni á Stöð 2 sem nefnist Jamie at Home. Á sunnudagskvöld var hann að búta niður héra, dádýr og kanínu ásamt rófum, kartöflum og ýmiss konar kryddjurtum úr garðinum og breytti þessu í einhvers konar lífrænt ræktaða orgíu fyrir bragðlaukana. Oliver, sem hefur verið ötull í baráttunni gegn ruslfæði í Bretlandi, segir að maður þurfi heldur ekki að búa í sveitinni til þess að geta ræktað matjurtir heldur geti maður alveg eins gert þetta á svölunum í blokkinni hjá sér. Á tímum þar sem sex tómatar og þrjár kjúklingabringur kosta þig jafnmikið og tveir leikhúsmiðar er vel þess vert að hugsa um aðeins breytta lifnaðarhætti.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.40 Reading – Burnley, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.40 Ally McBeal** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 The New Adventures of Old Christine** STÖÐ 2



▶ **21.00 Nýtt útlit** SKJÁREINN



▶ **22.20 Lögregluforinginn - Gluggar sálarinnar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Talið í söngvakeppni** (3:3) (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Arthúr**

**17.50 Markaregn** Sýnd verða mörkin úr síðustu umferð Íslandsmótsins í fótbolta. (e)

**18.20 Fréttir**

**18.50 Veðurfréttir**

**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá fyrri forkeppninni í Moskvu.

**21.00 Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

▶**22.20 Lögregluforinginn - Gluggar sálarinnar** (The Commander: Windows of the Soul) (2:2) Bresk sakamálamynd eftir Lyndu La Plante. Clare Blake, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London, er kölluð úr fríi eftir að prestur er stunginn til bana í kirkju sinni. Aðalhlutverk: Amanda Burton, Joanne Adams, Paul Brightwell, Simon Britton og Christopher Fulford.

**23.10 Ríki í ríkinu** (The State Within) (2:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.

**00.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)

**02.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Failure to Launch**

**10.00 Accepted**

**12.00 Beethoven's 2nd**

**14.00 Failure to Launch**

**16.00 Accepted**

**18.00 Beethoven's 2nd**

**20.00 Into the Blue** Hörkuspennandi ævintýramynd með Jessicu Alba og Paul Walker. Þau leika kafara sem finna sögulegan fjársjóð en skammt frá liggur einnig flugvélabrak með miklu magni af kókaíni.

**22.00 Havana**

**00.20 Stage Beauty**

**02.10 Back in the Day**

**04.00 Havana**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Stuðboltastelpurnar og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Grumpy Old Women** (3:4)

**10.00 Notes From the Underbelly**

**10.20 Extreme Makeover. Home Edition** (4:25)

**11.05 Logi í beinni**

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (187:260)

**13.25 The Weather Man**

**15.10 Sjáðu**

**15.35 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Ben 10, Stuðboltastelpurnar, Áfram Diego Afram!

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (15:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (10:22)

▶**20.00 The New Adventures of Old Christine** (6:10) Christine er fráskilin einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt sérkennilegu sambandi við.

**20.25 How I Met Your Mother** (18:20)

**20.50 Bones** (10:26) Dr. Temperance "Bones" Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í flóknum morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan á milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna.

**21.35 Little Britain 1** (3:8)

**22.05 Ashes to Ashes** (8:8)

**23.00 Auddi og Sveppi**

**23.40 Grey's Anatomy** (20:24)

**00.25 Fringe** (16:21)

**01.15 The Weather Man**

**02.55 Natural City**

**04.50 Little Britain 1** (3:8)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Keflavík - FH** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.

**15.40 Þýski handboltinn - Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þýska handboltanum.

**16.10 Pepsí mörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**17.10 Keflavík - FH** Útsending frá leik Keflavíkur og FH í Pepsi-deild karla.

**19.00 Arsenal - Man. Utd.** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**21.10 Players Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.05 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**22.35 World Supercross GP** Að þessu fór mótið fram á Rice Eccles Field í Salt Lake City.

**23.30 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.00 Fulham - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.10 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

▶**18.40 Reading - Burnley** Bein útsending frá síðari leik Reading og Burnley í undanúrslitum ensku 1. deildarinnar.

**20.40 Man. Utd. - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**00.00 Reading - Burnley** Útsending frá undanúrslitaleik í ensku 1. deildinni.

**01.40 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 This American Life** (1:6) Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. Umsjónarmaður er Ira Glass. (e)

**18.45 The Game** (8:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.10 Spjallið með Sölva** (12:12) (e)

**20.10 The Biggest Loser** (16:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.

▶**21.00 Nýtt útlit** (9:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Það þarf engar geðveikar æfingar, megrunarkúra eða fitusog, bara einfaldar lausnir og góð ráð. .

**21.50 The Cleaner** (10:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans. William hjálpar ungum píanista, stúlku sem er forfallinn fíkill en fyrst þarf hann að fást við fjölskyldu hennar sem er ekki mjög samvinnuþýð.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (17:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Talsmenn Oxyfam sem er stóráhugavert sprotafyrirtæki koma í þáttinn.

**21.00 Frumkvöðlar** Elinóra Inga Sigurðardóttir ræðir um þróun lyfja gegn eyrnabólgu, hönnun og útrás og aðstoð fyrir frumkvöðla.

**21.30 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ræðir um stjórnmálin útfrá viðhorfum Vinsti grænna.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25
### How I Met Your Mother

How I Met Your Mother er talin sú gamanþáttaröð sem best hefur fyllt það skarð sem Friends skildi eftir sig. Hér eru á ferðinni þættir sem eru fyndnir, ferskir og sneisafullir af rómantík. Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynntist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva**
**Sjónvarpið kl. 19.00**



Keppnin er nú haldin í 54. skipti, nú í Moskvu, og alls taka þátt 42 þjóðir. Í undankeppninni í kvöld keppa átján þjóðir og þar á meðal Íslendingar sem eru númer 12 í röðinni. Á fimmtudag keppa svo 19 þjóðir en tíu efstu þjóðirnar úr hvorri keppni vinna sér sæti í úrslitakeppninni sem fer fram á laugardaginn. Auð auki verða þá flutt lag Rússlands, sem sigraði í fyrra, Bretlands, Frakklands, Spánar og Þýskalands.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** „Blámenn eru hróðugir af sigri þessum...“
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Stuff Smith og Oscar Peterson leika
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.00** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (186:260)
**17.15 Hollyoaks** (187:260)
**17.40 Ally McBeal** (24:24)
**18.25 Seinfeld** (2:13)
**18.45 Hollyoaks** (186:260)
**19.15 Hollyoaks** (187:260)
▶**19.40 Ally McBeal** (24:24) Ally McBeal kveður í bili en ný syrpa kemur í haust.
**20.25 Seinfeld** (2:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvennhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungarfullur og hann sjálfur.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Entourage** (2:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**22.25 Peep Show** (10:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**22.55 New Amsterdam** (6:8)
**23.40 Weeds** (11:15)
**00.10 Auddi og Sveppi**
**00.40 Sjáðu**
**01.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** State of Play **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** State of Play **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Testen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM - Din digitale medieguide **14.30** Monster allergi **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Mission. Baby **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2009 **21.00** Brinck - Lad musikken sejre **21.30** Dødens Detektiver **21.55** Vi bliver ved! **22.25** Boogie Mix

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Puls **10.35** Schrödingers katt **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Danske vidundere **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Tilbake til katastrofen - jordskjelvet i Sichuan **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Eurovision Song Contest 2009 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Extra-trekning **21.25** Fuglene

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Bergen - Kirkenes t/r **10.35** Mäklarna **11.05** Berguvarnas rike **11.30** Anslagstavlan **11.40** Första divisionen **13.10** Drömprinsen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Ellens 100 år **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Rena Malena **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Sommer **22.15** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ítalía er alltaf klassískur staður en sá allra besti er Hereford. Ég er mikill steikarmaður. Maður er ekki mjög duglegur að fara út að borða en þessi er svona spari.“*

Böðvar Þór Eggertsson, Böddi, hárgreiðslumaður.

# Hara-systur hættar í Elektra

„Við ákváðum að draga okkur út úr þessu áður en þetta myndi ganga eitthvað lengra. Þetta er ekki það sem okkur langar að gera,“ segir Rakel Magnúsdóttir söngkona sem hefur ákveðið að segja skilið við hljómsveitina Elektru. Hið sama á við um systur hennar, Hildi.

Stúlknasveitin Elektra er ekki nema nokkurra mánaða gömul. Hún var stofnuð fyrir forkeppni Eurovision og spáðu margir henni sigri þar. Það gekk ekki eftir og síðan hefur farið frekar lítið fyrir Elektru. Nýverið var þó byrjað að spila nýtt lag með sveitinni á íslenskum útvarpsstöðvum.

Rakel og Hildur komu fyrst fram á sjónarsviðið í X-Factor fyrir tveimur árum undir nafninu Hara. Þær segjast hafa notið þess að starfa með Elektru og engin leiðindi séu við skilnaðinn. „Þetta var besta niðurstaðan. Akkúrat núna ætla ég bara að fara í sumarfrí. Svo er ég með mörg plön sem er erfitt að tala um akkúrat núna,“ segir Rakel. Hún segist þó ekki vera hætt að syngja. „Ekki ef einhver vill hlusta á mig. Við erum alla vega ekki að leggja einhvern hljóðnema á hilluna, enda eigum við engan hljóðnema.“

Hildur segir að mikil vinna hafi fylgt því að vera í Elektru. Hún sé með fjölskyldu og í skóla og allt í kringum hljómsveitina hafi verið aukavinna. Nú breytist það. „Ég ætla bara að fara að gera eitthvað allt annað. Maður er svona að skoða heiminn núna.“

Valgeir Magnússon, umboðsmaður Elektru, segir að nýir meðlimir verði kynntir þegar hljómsveitin kemur fram á lokakvöldi Ungfrú Ísland hinn 22. maí næstkomandi. **- hdm**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HÆTTAR Í ELEKTRA** Hara-systurnar Hildur og Rakel, fremst á myndinni, eru hættar í stúlknasveitinni Elektru.



**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, **6.** í röð, **8.** blóðhlaup, **9.** tækifæri, **11.** númer, **12.** bragsmiður, **14.** þótti, **16.** í röð, **17.** eyða, **18.** sóða, **20.** tvíhljóði, **21.** nudda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds, **3.** tveir eins, **4.** fugl, **5.** dýrahljóð, **7.** aftursæti, **10.** athygli, **13.** umrót, **15.** þráður, **16.** fjaðurmagn, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** áb, **8.** mar, **9.** lag, **11.** nr, **12.** skáld, **14.** stolt, **16.** þæ, **17.** sóa, **18.** ata, **20.** au, **21.** niða.

**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** mm, **4.** sandlóa, **5.** urr, **7.** baksæti, **10.** gát, **13.** los, **15.** taug, **16.** þan, **19.** að.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Katrín Júlíusdóttir.
2. Ellefu.
3. Gauragangs.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**ALLT SAMKVÆMT ÁÆTLUN** Allar æfingar hafa gengið vel og nú er bara að leggjast á bæn og vonast til þess að Jóhanna Guðrún verði meðal þeirra bestu á laugardagskvöldið. Hér er söngdrottningin á opnunarhátíð Eurovision-keppninnar þar sem hún klæddist svörtum síðkjól og vakti mikla athygli hjá fjölmiðlafólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA

### JÓHANNA GUÐRÚN: POLLRÓLEG ÞRÁTT FYRIR SPÁ UM GOTT GENGI

# Íslandi spáð öðru sæti í kvöld

„Við tökum þessu með stóískri ró en þetta er auðvitað ágætis vísbending um að við höfum verið að gera góða hluti,“ segir Jónatan Garðarsson, liðsstjóri íslenska Eurovision-hópsins í Moskvu. Samtök sem kalla sig OGAE spá Íslandi öðru sætinu í sínum undanriðli í kvöld. Í samtökunum eru allir Eurovision-klúbbarnir og þeir blaðamenn sem eru samankomnir í Moskvu til að fylgjast með Eurovision-keppninni. Þeir gefa atkvæði eftir hverja og eina æfingu og lag Íslands, Is it True?, hefur verið að fikra sig upp töfluna, jafnt og þétt. „En við erum búin að vera í öðru sætinu í nokkra daga,“ segir Jónatan.

Til gamans má geta þess að sömu aðilar spáðu Eurobandinu og íslenska laginu í fyrra fjórða sæti eftir síðustu æfinguna. Jónatan upplýsir að Selmu Björnsdóttur hafi verið spáð sigri af sama fólki þegar hún söng If I had your Love en hún komst ekki áfram.

Söngkonan Jóhanna Guðrún var sjálf alveg pollróleg þegar blaðamaður náði tali af henni í gær. Hún sagðist ekki hafa neina töfralausn á því að vera svona yfirveguð þrátt fyrir að bera væntingar íslensku þjóðarinnar á herðum sér. „Þetta er bara spurning um hvernig persónuleiki maður er; maður verður bara að vera fókuseraður, ég fer snemma að sofa, drekk ekki og er bara með hugann við efnið,“ útskýrir Jóhanna Guðrún. „Og svo er ég ekki þessi stressaða týpa,“ bætir hún við.

Unnusti Jóhönnu, Ólafur Ólafsson, var í þann veginn að lenda í Moskvu þegar samtalið fór fram og söngkonan var að sjálfsögðu himinlifandi yfir því að vita af honum í salnum í kvöld. Ekki er víst að skötuhjúin fái mikinn tíma saman því í nógu er að snúast hjá Jóhönnu. Í gærkvöldi kom hún fram í sænska Eurovision-partíinu sem er tileinkað fjórmenningunum í Abba en 35 ár eru liðin síðan söngflokkurinn sigraði í þessari keppni með laginu Waterloo. Jóhanna var augljóslega full sjálfstrausts því hún hugðist syngja The Winner Takes It All. „Ég var reyndar ekkert búin að spá í titilinn, valdi bara lagið sem ég kunni best.“ Þar að auki ætlaði Jóhanna að mæta í veislu hjá Ísraelsmönnum þar sem hún ætlaði að syngja lag Íslendinga ásamt bakröddunum Friðriki Ómari, Heru Björk og Ernu Hrönn. Þess má geta að Jóhanna verður tólfta í röðinni í kvöld. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Edda Björgvinsdóttir** hefur sent bréf til félagsmanna í Félagi íslenskra leikara þar sem hún kvartar yfir viðtali sem birtist við hana í helgarblaði DV. Bréfið hefst á þessum orðum: „Kæru kollegar. Ég veit að þið þekkið ákaflega mörg tilfinninguna þegar þið neyðist til að fara í viðtöl við hina ýmsu prentmiðla og það er komið algjörlega aftan að ykkur, þið gerð að fíflum og niðurlægð með samhengislausum, heimskulegum og villandi forsíðutexta og ömurlegum fyrirsögnum.“ Fyrirsögnin á forsíðu blaðsins var „Ég varð nýlega skotin“ sem mun vera bein tilvitnun í Eddu úr viðtalinu. Það er vonandi að Edda „neyðist“ ekki til að fara í fleiri viðtöl ef hún sættir sig ekki við að eigin ummæli séu notuð í fyrirsögn.



Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu er **Stefán Karl Stefánsson** nú í hljóðveri ásamt Veigari Margeirssyni og Gísla Rúnari Jónssyni að taka upp nýja plötu. Stefán lýsti því yfir að hann væri hættur í Latabæ en hann hyggst þó klæðast búningi Glanna glæps í Pennsylvaníu í lok júní. Þetta verður þá í fyrsta skipti í meira en heilt ár síðan að hökustóri þrjóturinn og Stefán rugla saman reytum.

Aðdáendur Bubba Morthens eru ekki á eitt sáttir við **Eirík Hauksson**. Eiríkur var sérstakur gestur í Eurovision-þætti Idolsins og tók lagið fyrir gesti Smáralindarinnar. Ekki var um að ræða Eurovision-slagara heldur GCD-lagið Sumarið er tíminn sem Eiríkur söng á minningartónleikum um Rúnar Júl nýverið. Bubbamenn segja augljóst að frammistaða Eiríks sýni það og sanni að það sé erfitt að feta í fótspor kóngsins, slíkir séu hæfileikar hans.



**- hdm, fgg**

BETRI LANDSMENN ATH!
SIGIN GRÁSLEPPA
FRÁ DRANGSNESI
KOFAREYKTUR RAUÐMAGI
ÓBARINN HARÐFISKUR
FRÁ ÍSAFIRÐI
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Eurovision-óður lögreglustjóri

Hörðustu aðdáendur Eurovision-keppninnar þykja jafnan litríkir persónuleikar sem njóta þess í botn að auglýsa sig og áhugann á keppninni. En á hverri reglu eru undantekningar og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, er ein af þeim.

Hann er nefnilega forfallinn aðdáandi þessarar vinsælu sönglagakeppni. „Jú, þetta er alveg rétt, ég held reyndar að ég sé bara eins og hver annar Íslendingur, hef haft áhuga á þessu frá blautu barnsbeini,“ segir Stefán og reynist tregur í taumi, er ekki alveg viss hvort hann eigi að gangast við þessum áhuga. En fellst síðan á að ræða stuttlega um þetta áhugamál. „Það hefur reyndar aðeins dregið úr þessu á síðustu árum,“ skýtur hann inn í.

En Eurovison-veislur Stefáns voru víst æði veglegar og þar var boðið upp á Eurovision-leiki og þar fram eftir götunum.

Stefán segir að eitthvað minna fari fyrir slíkum samkvæmisleikjum eftir því sem árin færast yfir. „Jú, hvað eigum við að segja, núverandi staða gerir það að verkum að maður getur ekki verið með samkvæmi af þeirri stærðargráðu sem áður var.“

Hann er, venju samkvæmt, bjartsýnn á gott gengi íslenska lagsins. „Ég hef alltaf haft tröllatrú á íslensku flytjendunum og hef það líka núna, ég er fæddur bjartsýnismaður,“ segir Stefán en bætir því við að hans spár hafi aldrei gengið eftir. **- fgg**



**ÓLÍKLEGUR AÐDÁANDI** Stefán Eiríksson er mikill Eurovision-aðdáandi og hafði það fyrir hefð að bjóða upp á Eurovision-leiki í Eurovision-samkvæmum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# LOFTRIFFLAR

## Úrval sem á sér ekki hliðstæðu

Loftrifflar á verði við allra hæfi.  Æfðu þig í allt sumar.



**Hatsan 85X – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 305 m/s.  Einskota riffill með lamarlás.  Svart synthetic skefti.
Skeftisplötur fylgja svo hægt er að lengja eða stytta skefti eftir þörfum.
3-9x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum. Muzzle Brake. **Verð aðeins 29.995**



**Hatsan 85X Camo - Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 305 m/s.  Einskota riffill með lamarlás. Mossy Oak Break Up
felulitað skefti. Skeftisplötur fylgja, hægt að lengja eða stytta skefti..
3-9x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum. Muzzle Brake. **Verð aðeins 35.995**



**Hatsan AT44-10 Beech – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Vandað hnotuskefti með stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.
Spor fyrir sjónauka.**Verð aðeins 65.900**



**Hatsan AT44-10 Synthetic – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.  Svart „thumbhole“
skefti með stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.
Spor fyrir sjónauka. **Verð aðeins 59.900**.



**Hatsan AT44-10 Camo – Nákvæmur og kraftmikill loftriffill í hlaupvídd 4,5mm.**
Kraftur 325 m/s.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.  „Thumbhole“ skefti með
stillanlegum púða. Stillanleg Tru-Glo sigti.  Mossy Oak Break Up felulitaður.
Spor fyrir sjónauka. **Verð aðeins 69.900**



**BSA Lonestar – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða smíði og mikla**
nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  Einskota riffill knúinn þrýstilofti.  Kraftur 328 m/s.
Vandað viðarskefti með gúmmípúða.  Sérlega vandað og nákvæmt hlaup.
Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 99.900**



**BSA Scorpion T10 Beech – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða**
smíði og mikla nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Kraftur 328 m/s.  Vandað skefti og nákvæm hlaup einkenna BSA rifflana.
Spor fyrir sjónauka.  Muzzle Brake. Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 139.900**



**BSA Scorpion T10 Tactical – Ensku BSA loftrifflarnir eru þekktir fyrir vandaða**
smíði og mikla nákvæmni.  Hlaupvídd 4,5mm.  10 skota riffill knúinn þrýstilofti.
Kraftur 328 m/s.  Tactical útfærslan af Scorpion rifflinum.  Spor fyrir sjónauka.
Muzzle Brake. Sjónauki á mynd er aukabúnaður. **Verð aðeins 129.900.**



**Gamo CO2 Extreme – Nýr byltingarkenndur 10 skota, þrýstiloft knúinn**
pumpuriffill frá Gamo.  4,5mm hlaupvídd.  Auka magasín fylgir.
Kraftur 250 m/s.  Stillanleg fibersigti.  Spor fyrir sjónaukafestingar.
**Verð aðeins 55.900.**



**Gamo Whisper X – Kraftmikill og nákvæmur einskota riffill með lamarlás.**
Kraftur 300 m/s.  Hlaupvídd 4,5mm.  Tactical skefti.  Hlaup með Muzzle Brake.
Fiber sigti.  3-9x40 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum.  **Verð aðeins 55.900**



**Gamo Shadow RSV – Nákvæmur einskota riffill með lamarlás.  Kraftur 300 m/s.**
Hlaupvídd 4,5mm.  Vandað plastskefti með púða.  Hlaup með Muzzle Brake.
4x32 sjónauki fylgir ásamt sjónaukafestingum..  **Verð aðeins 49.900**



**Gamo Shadow Sport – Einn vinsælasti Gamo riffillinn í Bandaríkjunum.**
Einskota loftriffill með lamarlás.  Nýtt vandað hlaup.
Vandað plastskefti með púða.  Kraftur 300 m/s.
3-9x40 sjónauki og sjónaukafestingar fylgja.  Verð aðeins 46.900



**Gamo Delta Fox Combo –  Vinsæll pakki fyrir minni skotmenn.**
Einskota riffill með lamarlás. Kraftur 160 m/s.   Tactical skefti.
4x30 sjónauki og sjónaukafestingar fylgja.  Einnig fylgja skotskífur,
gildra og ein dós af skotum Delta Fox pakkanum.  **Verð aðeins 29.995**

***Einnig úrval af fylgihlutum svo sem skotskífur, gildrur, skotmörk, töskur og fleira***

***Til þess að eignast loftriffil þarftu að vera orðinn 20 ára og með skotvopnaleyfi***

**SPORTBÚÐIN**




Sportbúðin - Krókhálsi 5 -  517 8050 - sportbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000




## BAKÞANKAR

Páls Baldvins Baldvinssonar



# Sko skupluna

Fyrir nokkrum misserum tók einhver bankinn upp á því að dreifa til leikskólabarna smokkum. Bíddu, ekki verjum, heldur léreftshólkum með vörumerki bankans áprentuðu og innan tíðar voru allar stelpur teknar að ganga með svona vafning um hausinn, lifandi Glitnis-auglýsingar. Þetta kom sér svo sem ágætlega í þrálátum lúsafaraldri frá tiltekinni fjölskyldu á heimilinu. Lengi eftir að óværan var kveðin niður voru mörg börnin með húfur inni við, nú eða skuplur.

**ALLT** var þetta höfuðfatafár í línu við vaxandi ákafa hattamanna við að ganga, sitja og standa með hattkúfa af ýmsu tagi sem var ekki hægt að lesa nema á einn veg: þeir menn þurftu mikið að styrkja reðurkennd sína og sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að þeir væru barmamiklir á tilteknum stöðum. Hattar voru einhvers konar reðuruppbót. Kóngadýrkun. Takið bara eftir hverjir eru helstu hattamenn landsins.

**GAMALL** maður sagði mér eitt sinn að á þeim árum þegar allir voru með hatta eða húfur hafi verið erfitt hér í þræsingnum að halda höfuðfötum. Veðráttan bauð ekki upp á pottlok eða barðahatta nema þeir væru keyrðir niður fyrir eyru. Kvenhattar voru sama próblem.

**ÞETTA** rifjaðist allt upp þegar íslenskar listakonur á besta aldri áttu langt samtal í útvarpi um Laugaveginn, laugarnar og konur á fyrri tíð. Það kom þeim mest á óvart og reyndist óskiljanlegt að formæður þeirra gengu til útiverka með skuplur, ýmist bundnar í kverk eða í hnakka. Svo firrist heimurinn. Og gleymist hinn upphaflegi tilgangur höfuðfats sem útifatnaðar: að veita skjól fyrir sól og regni.

**BROT** í uppbundinni skuplu svo barð myndaðist og slútti fram yfir ennið var til að verjast bæði regni í andlitið, veita skjól framhöfði en ekki síst að vernda andlit fyrir sól því það er bara í seinni tíð að það er fínt að vera sólskininn. Allar þjóðir sem búa við sólfar vita að það er óhollt – nema bjánarnir við: fólk á tímum rannsókna og upplýsingar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 12. maí, 132. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.23 | 13.24 | 22.28 |
| Akureyri | 3.50 | 13.09 | 22.31 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

